

Bstj. 4. mars 2008

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Forseti:** Þá er tekið fyrir þriðja mál á dagskrá þessa fundar sem er umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur, að beiðni allra flokka. Þessum dagskrárlið var frestað á fundi borgarstjórnar 19. febrúar sl. Til máls tekur borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir.

### **3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Svandís Svavarsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Hér er til umræðu lokaskýrsla stýrihóps borgarráðs um málefni REI og Orkuveitu Reykjavíkur. En samkvæmt bréfi formanns stýrihóps til borgarráðs sem lagt var fram 7. febrúar 2008 var lagt til fyrir hönd hópsins að tillögur skýrslunnar væru jafnframt samþykktar og afgreiddar með formlegum hætti frá borgarráði og auk þess yrði skýrslan tekin til umræðu í Borgarstjórn Reykjavíkur. Það er nú ekki alvanalegt á þessum þó fjölbreytta fundarstað hér, að svo viðamikilið mál sé tekið til umræðu þegar klukkan er svona langt gengin ellefu að kvöldi, en ég vona að það verði ekki til þess að drepa hér umræðunni á dreif. Skýrslan var lögð fram í borgarráði til að byrja með og var henni þá fylgt nokkuð ítarlega eftir, ég mun gera það hér í nokkrum meginatriðum. Skýrslan hefur legið fram á netinu frá því 7. febrúar og hún hefur jafnframt fengið umfjöllun hjá borgarstjórnarflokkum ýmsum, enda er hún lögð fram í nafni allra flokka í Borgarstjórn Reykjavíkur og er því sjálfsagt ekkert í henni sem að kallast eða flokkast undir nýmæli hér í sölum borgarstjórnar.

Stýrihópurinn var settur af stað á fundi borgarráðs 18. október. Þá var hann skipaður í ljósi þeirrar stöðu sem þá var upp komin, þ.e.a.s. við blasti að þær ákvarðanir sem höfðu verið teknar á stjórnar- og eigendafundi Orkuveitu Reykjavíkur 3. október voru langt frá því að vera hafnar yfir vafa, að því er varðaði sameiningu Reykjavík Energy Invest og Geysir Green Energy. En stýrihópnum var sem sé falið að fara í saumana á aðdraganda þeirrar sameiningar og því hvaða lærdóma Borgarstjórn Reykjavíkur gæti dregið af því ferli og síðan var stýrihópnum jafnframt falið að koma með tillögur að framtíðarstefnumótun Orkuveitu Reykjavíkur.

Hópurinn skilaði áfangaáliti 1. nóvember sem var einungis 12 dögum eftir að hópurinn hafði verið settur á stofn. Þá höfðu á þessum 12 dögum verið haldnir 20 fundir þar sem lá á, af ýmsum ástæðum, að ná botni í þær ákvarðanir sem höfðu verið teknar á þessum tiltekna fundi og skilaði stýrihópurinn áfangaálitinu sem fól í sér að samrunanum yrði hafnað og jafnframt þjónustusamningnum og auk þessa var lagt til að ítarleg stjórnsýsluúttekt yrði gerð á Orkuveitu Reykjavíkur.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að ítarleg og efnisleg yfirferð yfir skýrsluna væri sjálfsagt til þess að æra óstöðugan en mig langar áður en lengra er haldið að þakka sérstaklega félögum mínum í stýrihópnum afar lærdómsríka samvinnu. Þá hverjum og einum, þeim Sigrúnu Elsu Smáradóttur borgarfulltrúa, Margréti Sverrisdóttur borgarfulltrúa, Óskari Bergssyni borgarfulltrúa, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarfulltrúa og Gísla Marteini Baldurssyni borgarfulltrúa. Það er ljóst að þessi vinna sem stýrihópurinn tókst á hendur var okkur öllum töluvert mikill skóli, ekki síst vegna þess að við komum hvert úr sinni átt, höfðum ólíka aðkomu að málinu til að byrja með og höfðum í grundvallaratriðum jafnvel ólíkar skoðanir á því hvað hafði þarna gerst, en sammæltumst um það að mikilvægasta hlutverk stýrihópsins væri að velta við hverjum steini, eins og það var kallað hér í sölum borgarstjórnar og draga af þeirri rannsókn eða þeirri skoðun þær ályktanir sem að við myndu blasa. Ég held að ég tali fyrir munn alls stýrihópsins og vil leyfa mér að gera það hér í byrjun míns máls, þegar ég segi að við séum stolt af því að hafa komist að svo flóknum niðurstöðum í nafni allra þessara flokka. Þó að þar hafi undir lokin þurft að fara misvarlega að því er varðaði orðalag, þá tel ég að þær orðalagsbreytingar hafi ekki á nokkurn hátt skert þær meginniðurstöður sem þarna lágu fyrir. Ég hef sjálf verið þvinguð um það af mínum félögum í Vinstrihreyfingunni grænu framboði hvaða þættir það væru í þessari stýrihópskýrslu sem ég hefði viljað sjá þarna og hefði ekki haft í gegn, ef svo má segja. Ég get sagt það hér í þessum ræðustóli, af því það skiptir mig máli að það sé sagt, að það eina annað en það sem varðar hreinlega orðalag og áherslur er að ég hefði viljað sjá að hópurinn í heild hefði tekið afstöðu gegn hlutafélagavæðingu Orkuveitunnar. Þeirri meiningu hef ég haldið til haga á öðrum vettvangi og við sammæltumst um það jafnframt stýrihópsfulltrúar að niðurstaða stýrihópsins bindi okkur ekki á nokkurn hátt að því er varðaði það að vera með mismunandi áherslur í einstökum atriðum og að orða jafnvel þyngra það sem okkur þætti skipta meira máli þar.

Það eru tímamót að þetta skyldi hafa gerst yfir höfuð og ég er afar stolt af því að þó að ég hafi farið hér mikinn áðan varðandi 9% traustið, þá tel ég að vinnubrögð af þessu tagi séu okkur til sóma í Borgarstjórn Reykjavíkur og það hefði ekki verið hægt á hvaða tíma sem er að leiða málin til lykta í gegnum tvö meirihlutaskipti, án þess að til þess kæmi að einhver gengi úr skaftinu eða þá einfaldlega að næðist ekki að ná skýrslunni saman.

Ég ætla ekki í minni yfirferð að fara sérstaklega yfir útrásina sem slíka eða hlutverk REI til lengri framtíðar nema að því er varðar niðurstöður stýrihópsins sjálfs. En meginkaflar tillögunnar að því er varðar lærdómana eru eftirfarandi:

1. kafli fjallar um umboð
2. kafli um hraðann og boðunina
3. kafli um upplýsingagjöf og samráð
4. kafli um kauprétti
5. kafli um borgarkerfið
6. kafli um pólitíkina

Loks er svo stuttur kafli um almenna lærdóma.

Það má eiginlega segja að lærdómurinn um umboð sé einn þeirra sem stendur einna helst upp úr og er e.t.v. sá lærdómur sem að við öll þurfum að staldra mest við. Skemmst er að minnast pólitískrar umræðu og opinberrar fjölmiðlaumræðu um umboð eða umboðsleysi þáverandi borgarstjóra við þá gjörninga sem þarna voru afgreiddir. Hið sama gildir um umboð einstakra stjórnarmanna, umboð kjörinna fulltrúa, umboð stjórnar REI gagnvart stjórn Orkuveitunnar o.s.frv.

Það kom jafnframt fram, að því er varðar umboðsumræðuna, mjög sláandi niðurstaða þess efnis að við aðdragandann að samrunanum og við samskiptin sérstaklega við einkaaðila, þar sem um var að ræða FL-group, að þar höfðu samskipti okkar manna, ef svo má segja, þeirra sem áttu að gæta fulltrúa Orkuveitunnar annars vegar og fulltrúa FL-group, ekki verið með þeim hætti að hagsmuna almennings væri gætt í þeim samtölum. FL-group var komið svona innundir að samningaborðinu áður en að fyrirtækið hafði á nokkurn hátt formlega aðild að samningnum.

Umræðan um hraða og boðun hefur verið höfð uppi hér ítarlega. Sá hraði sem var bæði við gerð þjónustusamningsins, sem birtist í því meðal annars, að annar samningur var samþykktur á fundinum 3. október heldur en síðar var undirritaður þann sama dag – og er það bara svona eitt dæmi um það hvernig þeim málum var farið og er líka rétt að minnast þeirrar umræðu sem var uppi um boðun eigendafundarins sem á, skv. samþykktum Orkuveitu Reykjavíkur, að vera 7 dagar en þær reglur voru þverbrotnar, eins og svo margar aðrar í þessu máli.

Varðandi upplýsingagjöf og samráð þá liggur fyrir að ekki var nægilega vel til haga haldið upplýsingum fyrir þá fulltrúa sem þarna áttu að taka mjög stórar ákvarðanir og má segja að þó að þarna gildi skv. skilgreiningu ekki stjórnarsýslulög, vegna þess að fyrirtækið sé skilgreint á einkaréttarsviði, þá er stjórnarmönnum ekki gert kleift að taka ákvarðanir byggðar á fullnægjandi upplýsingum og þeir hafa ekki haft til þess nægilegan tíma. Það sem var fáheyrt á þessum fundi var að tillögnum var ekki frestað þrátt fyrir það að lagðar væru fram óskir þar að lútandi.

Við skoðun stýrihópsins á því máli öllu saman, þ.e.a.s. að því er varðar óformlega kynningu samrunans og þjónustusamningsins þá kom jafnframt í ljós að fyrir það fyrsta var þjónustusamningurinn ókynntur með öllu á fundum með borgarfulltrúum meirihlutans og var einungis lagður fram á ensku þegar allt kom til alls á fundinum í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur þann 3. október. Jafnframt var það þannig að kaupréttarsamningar voru ekki kynntir fulltrúum meirihlutans og fengust fram með eftirgangsmunum á kynningarfundum með stjórnarmönnum minnihlutans á fundi þennan sama morgun.

Ég sagði hér áðan að spurningarnar um umboð hefðu ef til vill verið þær sem voru mest aðkallandi í umræðunni um REI á sínum tíma og hafa verið þau efnisatriði sem hafa verið langlífust í umræðunni um REI. Því að þegar þessi alda reið sem hæst dagana milli 3. og 11. október, þá var það kannski miklu frekar umræðan um kaupréttarsamningana. Þar held ég að ég megi segja að hafi verið um að ræða einn afdrifaríkasta þáttinn í REI-málinu og var sá þáttur sem kallaði mjög sterkt á viðbrögð almennings. Þarna þótti fólki sem hefði verið farið með óeðlilegum hætti með almannahagsmuni og almannafé án þess að fyrir því lægju eðlilegar samþykktir.

Stýrihópurinn vildi jafnframt draga af þessari skoðun allri saman pólitískan lærdóm og ég verð að segja alveg eins og er að ég hef haft nokkurt óbragð í munnum gagnvart þeim lærdómum öllum saman í ljósi myndunar nýs meirihluta, því að þarna sammæltumst við um að setja niður á blað ákveðna lærdóma um það að öll verkefni og viðfangsefni borgarstjórnar ættu að þola opna og gagnrýna umræðu og einkennast af lýðræðislegum vinnubrögðum og að

samtalið á milli meirihluta og minnihluta þurfi að vera öflugra og opnara vegna þess að það þjóni einfaldlega hagsmunum borgarbúa betur heldur en þau vinnubrögð og þær aðferðir sem hafa því miður einkennt stjórn málin á Íslandi um alltof langa hríð. Það voru ákveðnar blikur á lofti á þessum tíma um það að breytt eða ný vinnubrögð væru á einhvern hátt í sjónmáli. En ég hef áhyggur af því sérstaklega hvernig nýr meirihluti, þ.e.a.s. tilurð nýs meirihluta setti í mann svona ákveðinn beyg gagnvart því að pólitískir lærdómar hefðu skilað sér.

Mér hefur þótt afar spennandi að velta fyrir sér möguleikanum á því að minnihluti eigi yfir höfuð sterkari aðkomu að ákvarðanatöku. Við höfum nú til að mynda brotið blað hér í Borgarstjórn Reykjavíkur með því að 1. varaforseti er skipaður fulltrúa minnihlutans. Við gerðum það í 100 daga meirihlutanum þegar við tókum við og mér finnst ánægjulegt að núverandi meirihluti vill halda í þá breytingu því að það hafði ekki verið hátturinn hér í sölum Borgarstjórnar Reykjavíkur. Mér finnst eðlilegt að taka upp umræðu um það hvort að við tiltekna stjórnsýslu í Reykjavíkurborg þá ætti minnihlutinn öflugri aðkomu, hvort að það væri í varaformennsku í ráðum eða varaformennsku í hverfisráðum eða með öðru sniði eða í starfshópum, þá finnst mér það vera eitthvað sem við eigum að taka til umhugsunar með opnum huga.

Við komumst að því með því að skoða REI-málið að líkindum hefði það ekki gengið eins langt og það gekk ef það hefði átt sér stað samtal milli minnihluta og meirihluta, því að báðir héldu að hinir væru upplýstari. Látum það liggja á milli hluta.

Stýrihópurinn telur loks afar mikilvægt að lærdómurinn af REI-málinu náði til sambærilegra fyrirtækja sem eru í eigu hins opinbera. Raunar kemst stýrihópurinn að þeirri niðurstöðu sem er í raun og veru mjög merkileg pólitísk niðurstaða út frá umræðunni um fyrirtæki í almannaeigu að slík fyrirtæki eigi að lúta almennum reglum um opinbera stjórnsýslu og eigi að lúta reglum sem eru jafngild upplýsingalögum. Stýrihópurinn raunar leggur það til þverpólitískt að farið verði í þá vinnu að endurskoða lagaumhverfi Orkuveitu Reykjavíkur með það að leiðarljósi að hún lúti í einu og öllu sams konar starfsreglum og lögum, eins og um opinbert fyrirtæki væri að ræða.

Þetta er nokkuð róttæk hugmynd og róttæk tillaga en varð mjög fljótt einn af þyngdarpunktunum í umræðu stýrihópsins að þetta skýra lagaumhverfi fyrirtækisins þyrfti að vera til staðar til þess að tryggja það að lýðræðislegum ferlum væri til haga haldið og að upplýsingastreymið væri viðunandi og að gagnsæi ríkti við allar ákvarðanir, þar sem um væri að ræða opinbera starfsemi í þágu almennings og fyrir opinbert fé.

Nú er það svo ef ég fer bara örsnöggt yfir tillögurnar átta sem að voru lagðar fram á þessum fundi 7. febrúar, að þær eru þess eðlis að þær fela allar í sér kröfu um áframhaldandi vinnu. Það er engin þessara tillagna þannig að það dugi að rétta upp hönd á fundi borgarráðs eða fundi borgarstjórnar ef því er að skipta og þar með sé einhvern veginn bara málið tilbúið. Allar þessar tillögur fela það í sér að það þurfi annað hvort Borgarstjórn Reykjavíkur, eftir atvikum aðrir fulltrúar eigenda eða stjórn Orkuveitu Reykjavíkur þurfi að taka þessar tillögur til skoðunar, líta á þær sem samþykktar tillögur frá stærsta eigenda Orkuveitunnar og koma þeim til framkvæmda.

Nú verð ég að segja að ég hef vissar áhyggjur af því að svo virðist sem borgarstjóri hyggist ekki setja niðurstöðurnar eins hratt í farveg eins og ég hefði viljað sjá, því með sérstakri bókun á fundi borgarráðs 14. febrúar var samþykkt að fela borgarstjóra að koma þessum tillögum til framkvæmda fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Ég hef miklar áhyggjur af því að vegna þess að það er í raun og veru fánýtt að ljúka þessari vinnu ef að borgarstjórinn í Reykjavík og meirihlutinn hér kemur því ekki áfram í viðunandi farveg, þ.e.a.s. öllum þeim tillögum sem hér hafa verið samþykktar þverpólítískt í borgarráði. Ég vil þá um leið og ég lýsi áhyggjum mínum yfir þessu hjá borgarstjóranum í Reykjavík, sérstaklega taka fram að stjórnarformaður Orkuveitunnar, borgarfulltrúi Kjartan Magnússon, hefur bæði í samtölum við þá sem hér stendur og í orðum og gjörðum við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur lýst því þrífaldlega yfir að hann hygðist hafa skýrsluna að leiðarljósi. Ég fullyrði það – vona að ég sé ekki að ganga of langt – að ég held að hann geri það af fullum heilindum. Það er afar mikilvægt að við ljúkum því þannig að okkur sé fullur sómi af því að minnsta kosti að þeir ferlar sem við höfum hér hjá Borgarstjórn Reykjavíkur séu nýttir til þess að fullnusta þær tillögur sem hér hafa verið samþykktar.

Ef við förum bara mjög hratt yfir sögu þá er þetta í fyrsta lagi um það að ræða að stýrihópurinn sem hafði jú haft það hlutverk með höndum til að byrja með að fara með stefnumótunarvinnu til lengri tíma fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, komst að þeirri niðurstöðu eftir þennan hluta sinnar vinnu að réttast væri að stefnumótunarvinnan eftir að vinnu stýrihóps sleppti, færi fram við stjórnarborð Orkuveitu Reykjavíkur, þ.e.a.s. þá í fullu samstarfi við aðra eigendur.

Í öðru lagi telur stýrihópurinn að Orkuveitan eigi áfram að vera í 100% eigu sveitarfélaganna og leggur ríka áherslu á að meginhlutverk hennar sé að sinna almannþjónustu. Þetta er mjög skýr yfirlýsing og er í anda málefнасamnings meirihlutans en eru líka á vissan hátt pólitísk tíðindi þar sem höfðu verið blikur á lofti á ýmsum tímum um það að sumir flokkar hér í borgarstjórn hefðu hug á því að selja frá Reykjavíkurborg tiltekna hluta Orkuveitunnar. Þannig að hér hefur verið undir það ritað að slík áform eru út af borðinu.

Í þriðja lagi er það sem hér hefur verið reifað lítillega áður, þ.e.a.s. að stýrihópurinn er sammála um þá meginreglu að þau fyrirtæki eða stofnanir sem reknar eru fyrir opinbert fé og í þágu almennings eigi að lúta almennum reglum um opinbera stjórnsýslu, svo lýðræðislegt aðhald sé ekki fyrir borð borið og leggur til að í samvinnu Orkuveitunnar og eigenda verði farið yfir lagaumhverfi fyrirtækisins.

Í fjórða lagi telur stýrihópurinn að brýnt sé að opna allar fundargerðir Orkuveitunnar og má raunar nefna það hér að sú tillaga hafði þegar komið fram, bæði í opinberri umræðu og loks hafði hún verið lögð fram í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur í tíð 100 daga meirihlutans af fulltrúum minnihlutans þá í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, ég vona að ég fari rétt með, sem sagt þá Kjartani Magnússyni og Júlíusi Vífli Ingvarssyni borgarfulltrúum.

Fimmta tillagan kveður upp úr um það að REI verði áfram rekið sem útrásararmur Orkuveitu Reykjavíkur. Þarna er tekið af skarið með það sem er í raun og veru sá hluti stefnumótunarinnar sem að lýtur einfaldlega að tilvist Reykjavík Energy Invest en jafnframt að sá armur verði 100% í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og þar með er í raun tekin afstaða til tveggja grundvallaratriða, annars vegar þeirra að

Orkuveitan eigi að taka þátt í útrás en hins vegar þess grundvallarþáttar að það eigi að vera á forsendum Orkuveitu Reykjavíkur en ekki við sameiningu við önnur fyrirtæki. Það gefur auga leið að hér þarf meirihlutinn að stýra næstu skrefum en hafa þessa meginþætti að leiðarljósi.

Sjötta tillagan gengur út á það að skoða þurfi sértaklega umboð stjórnarmanna, valdsvið stjórnenda, embættismanna og umboð og hlutverk kjörinna fulltrúa, með hvaða hætti sé hægt að sinna því betur heldur en hefur verið og halda því til haga. Hér inn á fundinum hefur mér verið bent á það af ágætum embættismanni að réttast væri jafnvel að þarna stæði – ég veit ekki hvort fólk er með þetta fyrir framan sig – að það sé ekki nóg að stjórn Orkuveitunnar skoði þetta umboð heldur þurfi sú skoðun jafnframt að fara fram hér hjá eigendum. Ég held að það sé sjálfgert þegar borgarstjóri tekur þessar tillögur og kemur þeim í farveg að sú tillaga sé líkt og aðrar settar í farveg.

Sjöunda tillagan varðar trúnaðarbrest sem hefur orðið á milli æðstu stjórnenda REI og Orkuveitunnar annars vegar og borgarfulltrúa eða stjórnarmanna hins vegar og að brýnt sé að endurvinna það traust. Stýrihópurinn taldi rétt að setja þessar staðreyndir á blað því að okkur fannst það mjög skýrt í allri okkar vinnu að þarna hafði orðið brestur sem þyrfti að horfast í augu við og vinna á með opnum hug og með opin augun og það er náttúrlega jafnframt hlutverk stjórnarformanns og annarra fulltrúa í stjórn Orkuveitunnar að koma því í kring að endurvinna umrætt traust.

Stýrihópurinn gerði loks það að tillögu sinni og þar kemur enn og aftur að aðkomu borgarstjórans í Reykjavík og þeirri samþykkt sem fyrir lá á fundi borgarráðs 14. febrúar, að skýrslan verði kynnt í helstu stjórnnum og fyrirtækjum borgarinnar, ásamt lykilstofnunum og embættismönnum. Í framhaldi af því verði skrifstofu borgarstjórnar falið að halda niðurstöðum og tillögum skýrslunnar til haga við mögulega endurskoðun á samþykktum borgarinnar. Það gefur auga leið að þessi tillaga líkt og allar aðrar geri nú ekkert gagn ef þær eru bara hér á blaði og fara síðan ofan í skúffu og allir halda bara uppteknum hætti, heldur þarf með einhverju móti að setja þessa tillögu eins og aðrar í þann farveg að lærdómarnir af REI-

málinu fari áfram og haldi áfram inn í allt borgarkerfið og ekki síst inn í þær stofnanir og þau fyrirtæki sem við eigum aðild að.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég hef farið nú í nokkrum orðum um REI-málið, þ.e.a.s. hina sameiginlegu niðurstöðu stýrihóps borgarráðs. En hvað gerðist í REI-málinu svokallaða? Upp kom mál sem reyndist svo alvarlegt, svo uppfyllt af missögnum, leynd, ófullnægjandi vinnubrögðum, hraða og samráðsleysi undir stjórn oddvitans Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarfulltrúa, svo alvarlegt að fyrsti meirihluti þessa kjörtímabils sprakk. Svo alvarlegt að enn hafa sjálfstæðismenn engan veginn bitið úr nálinni með það. Fyrir liggur að traustið innan þeirra raða hefur beðið skaða. Fyrir liggur að traustið á oddvita hópsins er ekki óskorað, þrátt fyrir yfirlýsingar borgarfulltrúa. Fyrir liggur að forysta flokksins og almennir flokksmenn hafa gert háværa kröfu um skýr svör borgarstjórnarflokksins um framtíð oddvitans og svör um arftakann, um borgarstjóraefnið. Blaðamannafundir hafa verið haldnir, yfirlýsingar hafa verið sendar fjölmiðlum og ber því miður vitni um það að enn er þetta mál í lausu lofti. Þetta ástand hófst allt saman með REI-málinu og því ástandi er ekki lokið.

Forseti. Þessi hluti REI-málsins sem hefur ekki enn fengið fullar lyktir liggur í því að oddviti Sjálfstæðisflokksins segir að hann hafi beðist afsökunar á því sem hann hafi gert rangt í REI-málinu. Borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur sagt það. Hann hefur jafnvel sagt að hann hafi axlað ábyrgð. Ég spyr – og í fullri vinsemd – á hverju hefur borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson beðist afsökunar? Hvað var það sem hann gerði rangt? Og ef hann getur gert grein fyrir því og jafnframt því hvernig hann axlaði þá ábyrgð þá finnst mér rétt að spyrja í þessari umræðu hvort honum finnst eðlilegt að hann hafi nú fengið nýtt umboð við þá afsökunarbeiðni til að starfa hér á vettvangi borgarstjórnar sem þungavigtarborgarfulltrúi, formaður borgarráðs eða hugsanlegt borgarstjóraefni. Það er ljóst að sexmenningarnir hafa ekki látið sér duga skýringarnar og telja að umboðið sé ekki fullkomlega til staðar. Það kemur fram í síðustu yfirlýsingu hópsins. En þá vil ég spyrja borgarstjórnann í Reykjavík, Ólaf F. Magnússon – telur hann að borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hafi gert nægilega hreint fyrir sínum dyrum? Telur hann fyrir það fyrsta að borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hafi gert eitthvað rangt og þá hvað? Telur hann að Vilhjálmur Þ.

Vilhjálmsson hafi axlað ábyrgð nú eða er hann sammála sexmenningunum og sjálfstæðismönnum um að hann þurfi hugsanlega að gera betur í þeim efnum?

Í ágúst 2007 kom fram hugmynd eða tillaga að því að gera Orkuveitu Reykjavíkur að hlutafélagi. Hvaða sýn hefur borgarstjórinn í Reykjavík á rekstrarform Orkuveitunnar? Myndi hann geta séð Orkuveituna fyrir sér sem opinbert hlutafélag í 100% eigu Reykvíkinga? Þessari spurningu þurfum við að fá svar við.

Herra forseti. Við megum ekki gleyma REI-málinu. Umboðsmaður Alþingis hefur enn lagt fram spurningar og þá m.a. spurningar um pólitískt umboð oddvita Sjálfstæðisflokksins – pólitískt umboð. Ekki umboð samkvæmt stjórnsýslunni eða margumrætt stöðuumboð borgarstjóra, heldur pólitískt umboð. Sjálfstæðisflokkurinn hefur enn ekki bitið úr nálinni með það því að þá spurningu á Sjálfstæðisflokkurinn. Borgarlögmenn allra tíma geta ekki svarað því. Sjálfstæðisflokkurinn verður að svara því. Hafði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi pólitískt umboð til að gera það sem hann gerði? Mér fannst áhugavert að Umboðsmaður skyldi leggja fram þessa spurningu vegna þess að í mínum huga þá hefði ég haldið að umboðsspurningin varðaði fyrst og fremst stöðuumboðið, þ.e.a.s. umboð oddvitans sem borgarstjóra. En Umboðsmaður Alþingis í krafti síns embættis telur spurninguna um pólitískt umboð mjög mikilvæga í þessu sambandi. Það má raunar nefna það, ef einhver er með þessa skýrslu með fylgigögnum hjá sér, að í lagaálitu Lára V. Júlíusdóttur þá kemur þessi áhersla fram að Lára V. Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður leggur mikla áherslu á það að pólitíska umboðið sé í raun það sem mestu máli skiptir vegna þess að þar fari í raun og veru kjarni lýðræðisins. Að ekkert okkar hafi umboð til þess að taka stórar ákvarðanir ef við erum meðvituð um það að það sé ekki meirihluti fyrir því sem við erum að taka ákvarðanir um, þ.e.a.s. ef við megum ætla að meirihlutinn sé ekki til staðar.

Það væri áhugavert að fá vangaveltur um þetta mál hér þó ég geri nú ekki ráð fyrir að þær verði mjög öflugar í ljósi þess að þetta er afar viðkvæmt og vandmeðfarið pólitískt fyrir borgarstjórnarflokk sjálfstæðismanna.

Við megum ekki gleyma REI-málinu því það fjallar líka um það hvernig almannahagsmunir og almannafé eru okkur falin, þ.e.a.s. kjörnum fulltrúum. Það

fjallar um það hvernig við förum með hagsmuni og fé sem okkur er trúað fyrir, ekki sem við eigum heldur sem við varðveitum eða sem við ráðstöfum, sem við erum kosin til af lýðræðinu. REI-málið fjallar um þá réttarvitund sem vaknaði meðal almennings um það að kjörnir fulltrúar hefðu brugðist þessu trausti. Almenningi var misboðið vegna þess að honum fannst að einstaklingar sem hefðu undirgengist tiltekna skuldbindingar gagnvart almenningi og gagnvart lýðræðinu hefðu brugðist traustinu.

REI-málið fjallar líka um það að það verður að hafa sérstaklega varann á þegar hagsmunir almennings og hagsmunir fjármagnseigenda rekast á. Það fjallar um það þegar við sem förum til að mynda með skipulagsmál í Reykjavíkurborg verðum að standa í ístaðinu með hagsmuni heildarinnar í huga, þegar þungir hagsmunir einstaklinga sitja hinum megin við borðið, að við höfum ekki leyfi til þess að setja okkur um of í spor einstaklinga þegar þeir hagsmunir hugsanlega ganga á hagsmuni heildarinnar til lengri og skemmri tíma. Það fjallar um þennan línudans. Það fjallar líka um lýðræði og rétta og góða stjórnsýslu. Þess vegna er REI-málið svo mikilvægt og þess vegna megum við ekki gleyma því, vegna þess að það kennir okkur margt og færir okkur nær kjarnanum hvað það felur í sér að vera kjörinn fulltrúi. Nú er það ekki svo að nokkurt okkar hér öðlist við það geislabaug og vængi að hafa tileinkað sér þessa skýrslu. En það er samt sem áður þannig að með því að fara í gegnum skýrsluna og ræða efni hennar þá held ég að við verðum einu skrefi nær því að vera minnug þessa leiðangurs og hvert hann rak kjörna fulltrúa á sínum tíma og að forðast slík mistök aftur.

Alveg í blálökin langar mig af heilum hug að þakka fyrir samstarfið í stýrihópnum aftur, að þakka Sigrúnu Elsu Smáradóttur, Margréti Sverrisdóttur, Óskari Bergssyni, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og Gísla Marteini Baldurssyni fyrir frábært samstarf og fyrir að hafa verið mér kennarar og leiðbeinendur í því að skilja lýðræðið aðeins betur heldur en ég gerði áður, fyrir það að vera þátttakendur í því að brjóta blað í sögu borgar og stjórn mála sem við megum vera stolt af.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég get tekið undir margt í ræðu borgarfulltrúans sem hér var að tala en hlýtt að minna hana, eins og okkur öll, á það að þessi skýrsla, eins og borgarfulltrúinn sagði ágætlega, gaf engum vængi eða geislabaug. Þess vegna get ég ekki látið hjá líða, áður en ég ræði aðeins um innihald skýrslunnar sjálfar, að staldra aðeins við það sem borgarfulltrúinn kom inn á í sínu máli. Ég verð nú að viðurkenna að mér þótti ekki alveg tengjast efni skýrslunnar og ekki heldur alveg tengjast þeirri umræðu sem að borgarfulltrúinn og við hin sem höfum verið í stýrihópnum höfum verið ansi iðin við að tala um, að þessi skýrsla boði ákveðna sátt, hún sé málamiðlun og hún sé dæmi um það þegar allir í svona samstarfi og svona vinnu sem við förum í þurfa að vinna sameiginlega að því að finna sameiginlegan flöt. Það var oft á tíðum ekkert auðvelt enda vorum við öll innvinkluð í málið. Þá finnst mér, herra forseti, ekki alveg viðeigandi, með fullri virðingu fyrir borgarfulltrúanum, að menn noti síðan tækifærið með skýrsluna að vopni, til þess að benda dálítið harkalega. Mér finnst það aðeins vera að misnota það sem að skýrslan felur í sér og aðeins verið að rangtúlka líka það sem skýrslan felur í sér. Ég segi þetta vegna þess að ég gæti allt eins staðið hér upp, herra forseti, og sagt í umræðum um það hverjir beri alla ábyrgð og í umræðu um ákveðnar ásakanir og í umræðu um það hverjir eigi að biðjast afsökunar, þá gæti ég sagt að miklu fleiri heldur en borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson ættu að gera það. Kannski ætti borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir að biðjast afsökunar á því að hafa ekki farið nægilega vel yfir gögnin og hafa samþykkt þetta. Kannski ætti borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson að biðjast afsökunar á því að hafa verið hrifinn af þessu máli. Kannski ætti borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir að biðjast afsökunar á því að hafa lofað borgarbúum ákveðnum hlutum þegar var farið inn í þetta verkefni og þegar nýr meirihluti tók við, m.a. eins og það var orðað að taka fúlaust á öllum þessum málefnum er tengdust REI og Orkuveitu Reykjavíkur. Ég sé að Dagur B. Eggertsson sem nú situr í forsetastóli er opinmynntur og undrandi. Það er vegna þess að ég ætla ekki að biðja hann um að biðjast afsökunar, það er vegna þess að ég tel skýrsluna ekki vera það vopn sem menn eiga að nýta til þess að benda hver á annan eða vera með ásakanir í annars garð. Vegna þess að ég held að við öll – og

ég hélt, borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir, að það væri stóri lærdómurinn að við hefðum áttað okkur á því í þessar skýrslu að það brugðust margar varnir í málinu. Mjög margar varnir í málinu. Það brugðust varnir sem tengjast hefðum, sem tengjast ákveðnum vinnubrögðum sem hér hafa verið viðhöfð í langan, langan tíma, sem að fólu það í sér að þeir borgarfulltrúar sem ég nefndi áðan, borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, fengu bara ekki þær upplýsingar sem þau og þeir þurftu til þess að taka upplýsta ákvörðun um málið og lúta líka að því að ákveðnir embættismenn hér fengu ákveðna ráðgjöf sem ekki er síðan í samræmi við það sem við viljum sjá, o.s.frv. Allt þetta varð til þess að ákvarðanir voru teknar sem að allir hafa síðan efast um. Þess vegna segi ég það að mér finnst ekki að við eigum að nota þessa skýrslu til þess að benda hvort á annað að til þess að vera með ásakanir í garð hvors annars heldur að reyna að læra af því og ég held að við höfum öll lært af því og öll upplifað ákveðin mistök í því ferli öllu saman. Ég gæti alveg líka sagt, eins og ég nefndi hér áðan, að menn lofuðu því á sínum tíma þegar við tók þessi 100 daga meirihluti, ég er ekki með það beint fyrir framan mig, en menn töluðu um að taka fúlaust á þessu máli og koma með framtíðarstefnumótun fyrir REI og Orkuveituna sem allt átti að vera byggt á nýrri hugsun og hugmynd. Það átti að gerast fúlaust og fljótt. Ég veit ekki til þess að það hafi gerst, kannski bara nægðu þessir 103 dagar ekki til þess. En ég veit ekki til þess að það hafi gerst. Ég veit til þess hins vegar að aðalafraksturinn af þeim loforðum öllum saman var kannski þessi skýrsla sem við nú ræðum um og þess vegna ítreka ég þá afstöðu mína að mér finnst ekki að menn eigi að nota hana með þeim hætti sem að menn eru að reyna að gera hér. Ég líka verð að segja það, í fullri vinsemd gagnvart borgarfulltrúanum og segja henni það af einlægni og bið hana að treysta mér í því, vegna þess að ég held að ég sé betur inn í því heldur en hún, að það ríkir bara... það má vel vera að borgarfulltrúinn eins og hefur komið fram í umræðunni í dag og margir borgarfulltrúar hafa eitthvað ógurlega gaman af því að velta fyrir sér í einhverju svona pólitísku kaffihúspjalli stöðunni í borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna, en ég bið menn líkt og ég treysti því að Sóley Tómasdóttir og Svandís Svavarsdóttir borgarfulltrúi, ég treysti þeirra orðum fyrir því að á milli þeirri ríki bara ágætt traust og ágætt samstarf, að það er bara sama upp á teningunum í borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna. Okkur líður bara öllum ljómandi vel. Við eigum gott samstarf og ég bið borgarfulltrúa Svandísi Svavarsdóttur að hafa bara ekki nokkrar áhyggjur af því. Okkur líður bara

ljómandi vel og samstarfið gengur mjög vel og hefur gert það lengi. Við hins vegar erum ekkert feimin að viðurkenna að það kom upp ákveðinn ágreiningur í okkar hópi á sínum tíma. Í kjölfar þess gerðust hlutir hér á vettvangi borgarstjórnar og öllum er það kunnugt og það er ekkert feimnismál af okkur hálfu að viðurkenna það eða gangast við því. En að reyna að halda því fram að oddviti okkar, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, njóti ekki trausts eða trúnaðar í okkar hópi er bara – ég leyfi mér að segja – út úr korti og kú, algjörlega. Við höfum leyst þessi mál í okkar hópi og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur um langt skeið notið mikils trausts í okkar hópi og gerir enn. Hann hefur útskýrt sín mál í okkar hópi og við berum fulla virðingu fyrir því og þekkjum hann af hans störfum, þannig að við vitum að það er rétt og satt sem hann hefur greint okkur frá í því. Við líka viðurkennum á okkur ákveðin mistök í því. Ég held að borgarfulltrúum núverandi minnihluta væri nær að gera það. Mér finnst stundum í öllu þessu ferli þegar menn veifa hér þessari skýrslu, sem ég held að sé góðra gjalda verð, og segja að hún sé sátt en virðast aldrei líta í eigin barm. Það er alveg eins og þegar við vorum að tala um 9% stuðninginn hér áðan sem er 9% stuðningur við alla borgarstjórn en minnihlutinn bara kannast ekkert við það, það er eins og minnihlutinn í Reykjavík tilheyrir ekki Borgarstjórn Reykjavíkur. Hann kastar alltaf allri ábyrgð í fangið á einhverjum öðrum í staðinn fyrir að segja, bíddu, þetta er sameiginlegt verkefni. Og ég hélt, borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir, að niðurstaðan úr þessari skýrslu hefði verið ákveðin sameiginleg sátt, ákveðin sameiginleg sýn um það að við bærum öll ábyrgð og ættum að axla hana og værum að einhenda okkur í þau verkefni saman. Þess vegna finnst mér ekki alveg maklegt þegar menn kjósa að stilla þessu þannig upp og ég ítreka að það að borgarfulltrúinn – og það tengist í raun og veru ekkert efni þessarar skýrslu en ég vildi samt gera það að umræðuefni vegna þess að borgarfulltrúinn gerði það – að það ríkir bara góður friður í herbúðum sjálfstæðismanna og hún getur sofið alveg róleg yfir því og allir borgarfulltrúar sem hér eru, vegna þess að við gerum það sjálf. Þannig að þá er því lokið.

En varðandi skýrsluna þá var hún, eins og borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir kom inn á, afhent í borgarráði 7. febrúar sl. og henni var skilað með undirritun allra fulltrúa í hópnum. Það var sannarlega ekki sjálfgefið að það myndi gerast. Það tók langan tíma og starfið var oft á tíðum flókið, snúið – og svo maður sé alveg einlægur – fullt af tilfinningum. Það var vegna þess að þarna voru fulltrúar

eins og ég og Gísli Marteinn Baldursson nýbúin að missa meirihluta í Reykjavík, aðrir nýbúinir að höndla meirihluta í Reykjavík og þetta var oft á tíðum ansi flókið verkefni og fullt af tilfinningum og alls kyns hlutum sem maður sér ekkert alltaf á vettvangi stjórnmalanna. Þannig að það var ákveðið afrek, ekki bara afrek þessa góða hóps – og ég geri líkt og Svandís Svavarsdóttir, ég þakka hópnum innilega fyrir samstarfið, fyrir mig var það gagnlegt og mikilvægt. Ég lærði ótrúlega mikið af því og fannst það verðmætt fyrir mig sem stjórnmalaman og mig sem einstakling að taka þátt í því og það er á engan hallað þegar Svandísi Svavarsdóttur, formanni hópsins, er sérstaklega þakkað fyrir hennar þolinmæði, hennar skilning og hennar vilja til þess að leysa þetta vel. Það er heldur ekki á neinn hallað þegar ég nota tækifærið til þess að þakka Gísla Marteini Baldurssyni félagu mínum fyrir samstarfið. Við áttum marga aukafundi utan hefðbundins fundartíma stýrihópsins til þess að fara yfir þetta mál og sama er að segja um formann borgarráðs, Vilhjálm P. Vilhjálmsson og aðra í borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna, sem að fylgdust með málinu en fengu því miður, eins og mjög margir aðrir borgarfulltrúar, kannski ekki alveg að fylgjast með því frá degi til dags. Það var eins og ég sagði stopult og það var ekki fyrr en á lokametrunum sem við vorum komin með eitthvað í hendurnar til þess að deila með félögum okkar og þá fórum við yfir það sameiginlega og allir voru sammála því að þetta væri niðurstaðan. Ég kalla það mjög mikinn þroska í stjórnmalum og ég segi það af einlægni að ég er mjög stolt af mínum samherjum í Sjálfstæðisflokknum fyrir það hvernig tekið var á þessu máli, alveg eins og ég er stolt af fulltrúum minnihlutans fyrir að hafa tekið á því með þessum hætti að okkur hafi tekist að skila þessu sameiginlega og setja það í fyrsta sæti í þessu öllu að reyna að draga af þessu þann lærdóm að hann gæti gagnast borginni. Þannig að það finnst mér vera aðalatriðið. Ég ætla ekki að fara yfir það sem borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir fór ágætlega yfir hér áðan varðandi textann í skýrslunni, enda gerði hún það með heiðarlegum og eðlilegum hætti þegar hún fór yfir allan lærdóminn sem við drögum af þessu, umboðið, pólitíkina o.s.frv. É tek bara undir það og þarf ekkert að orðlengja það, að þetta er texti sem við komum okkur saman um og þetta er auðvitað enginn – hvernig á ég að orða það svo það sé ekki misskilið – við fáum ekki nóbelsverðlaun fyrir þennan texta, það verður aldrei sagt, en það er vegna þess að skýrslan var unnin með þeim hætti að hún gat aldrei orðið slíkur pappír. Enda eins og segir í lokaorðunum, orðrétt með leyfi forseta: „Það er áréttað að skýrslan sem hér er lögð

fram er málamiðlun milli fulltrúa í stýrihópnum og væri með öðru sniði með orðum hvers og eins. Hópurinn fór bil beggja í orðalagi, áherslum og pólitískum niðurstöðum en er þó sammála um að leggja ríka áherslu á sameiginlega niðurstöðu vegna mikilvægis málsins.“ Þetta gerir það að verkum kannski öðru fremur að stílbrögð og annað slíkt, það leyfðist ekki mikið svigrúm til slíks, enda tókumst við oft á um það og reyndum að lenda því þannig að allir gætu vel við unað og allir gætu sagt: Þetta er skýrslan okkar og við ætlum að vinna með hana að leiðarljósi til þess að tryggja það að ákveðnar tillögur yrðu að veruleika. Þess vegna ætla ég ekki að fara yfir skýrsluna í þessum liðum sem Svandís Svavarsdóttir borgarfulltrúi gerði. Hins vegar má ekki gleyma því að helsta niðurstaða hópsins var hugsanlega sameiginleg samþykkt borgarráðs frá 1. nóvember þar sem samrunanum var hafnað og um þetta var full samstaða á vettvangi borgarstjórnar og var kannski öflugasta útspil þessa stýrihóps.

En mig langar aðeins, herra forseti, að staldra örstutt við tillögurnar af því ég held að þær séu aðalatriðið. Ég held að það að horfa fram á við í þessu máli sé aðalatriðið og ég held að allir borgarfulltrúar hafi sýnt, eins og ég segi, mikinn þroska og mikinn vilja til þess að vinna vel fyrir borgina þegar allir ákváðu að þetta væri aðalatriðið. Þar eru nokkrir hlutir sem borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir kom inn á og skipta mjög miklu máli.

Það er í fyrsta lagi sú tillaga okkar að nýrri stjórn Orkuveitu Reykjavíkur ásamt fulltrúum eigenda verði falið að vinna að tillögum um frekari framtíðarstefnumótun fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Þetta var mjög mikilvægt mál. Fyrst þegar við byrjuðum þessa vinnu þá var lagt upp með það að stýrihópurinn myndi sinna þessu starfi. Þegar við fórum inn í þessa vinnu þá sáum við mjög fljótt og mjög glögg að það væri ekki farsælt heldur væri mun farsælla að þetta myndi gerast á vettvangi Orkuveitu Reykjavíkur, stjórnarinnar. Það var fullkomin sátt um það. Enda hefur það sýnt sig, finnst mér, af því menn eru að nefna það og Svandís Svavarsdóttir borgarfulltrúi gerði það að umræðuefni, hvernig tekið yrði á þessari skýrslu, þá finnst mér til algjörRAR fyrirmyndar hvernig allir fulltrúar okkar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, þar er enginn undanskilinn, bæði í meirihluta og minnihluta, hafa tekið á niðurstöðum þessarar skýrslu og við erum þegar farin að sjá ákveðinn afrakstur af því og ákveðnar tillögur fæðast í því. Þá gengur í salinn formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, Kjartan Magnússon, og ég nota þá

tækifærið til að þakka honum sérstaklega fyrir það hvernig hann hefur staðið vörð um það að tryggja að þessar tillögur kæmust í farveg.

Með sama hætti er talað um að stýrihópurinn telur að Orkuveitan eigi að vera áfram í 100% eigu sveitarfélaganna, þetta er einnig mjög stórt mál og ofsalega merkilegt og mikilvægt að borgarstjórn skuli hafa komist sameiginlega að þessari niðurstöðu. Við höfum oft rætt þetta hér á vettvangi borgarstjórnar og nú er þetta orðinn hluti af málefnasamningi nýs meirihluta og við eigum ekki eftir að deila um þetta á næstunni.

Síðan er þriðja atriðið þar sem er nefnt þessi mörk á milli þess hvort Orkuveitan er á sviði einkaréttar eða á sviði opinberrar stjórnsýslu. Það er mjög mikilvægur punktur fyrir okkur öll vegna þess að það er líka útskýrandi fyrir ýmislegt sem gerðist í þessu ferli, að það er mjög óljóst hvort að þetta er á sviði einkaréttar eða á sviði opinberrar stjórnsýslu og ég held að það hafi flækt málin fyrir okkur öll sem að komum að þessu máli.

Síðan er í fjórða lagi nefnt að stýrihópurinn telur að starfsemi Orkuveitunnar, líkt og stjórnsýslan, verði að starfa fyrir kjörna fulltrúa og embættismenn og embættismenn að lúta pólitískum vilja og lýðræðislegum ákvörðunum. Þar er talað um að fundargerðir Orkuveitunnar verði hér eftir sendar borgar- og bæjarráðum til upplýsingar og umfjöllunar. Þetta hefur þegar verið ákveðið af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og er komið í farveg.

Síðan er talað um REI og það verði 100% í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og lögð áhersla á lýðræðislegt aðhald og mér sýnist að þetta sé allt í góðum farvegi.

Síðan er talað um atriði sem við nefndum og ræddum mjög mikið í okkar hópi, um að stýrihópurinn leggur til að stjórn Orkuveitunnar skoði sérstaklega umboð stjórnarmanna, hvert sé valdsvið stjórnanda embættismanna og umboð, jafnframt hlutverk kjörinna fulltrúa o.s.frv. Það er ekkert leyndarmál að í hópnum var aðeins ágreiningur um þetta. Sumir fulltrúar í hópnum töldu að í raun og veru væri umboð stjórnarmanna Orkuveitu Reykjavíkur ekkert meira heldur en það umboð sem þeir fengju í hvert og eitt skipti frá kjörnum fulltrúum og þeir hefðu umboðið þaðan og þyrftu sannarlega að deila með kjörnum fulltrúum sem þeir störfuðu fyrir næstum því stærstu og smæstu ákvörðunum. Það var ekki álit allra, sumir töldu að það fæli í sér „ákveðið valdaafsal“ af hálfu kjörinna fulltrúa, þegar einhverjir fengju það umboð að vera stjórnarmenn. En það var alla vega ljóst af störfum hópsins að um þetta var svona ekki alveg skýr sýn og menn voru ekki sammála um það

nákvæmlega með hvaða hætti ætti að halda á þessu. Þá get ég sagt það sem persónulega mína skoðun að ég t.d. ræddi það inn í hópnum að mér þótti að stjórnarmenn Orkuveitunnar sem ég taldi starfa í mínu umboði, hefðu ekki haldið þeirri sem hér stendur nægilega vel upplýstri um stöðu mála í Orkuveitunni en það er ekkert heilagt og aðrir töldu að það væri ekki svo. En ljóst taldi stýrihópurinn hins vegar að þetta þyrfti að skýra aðeins betur þannig að við værum alla vega sammála um það.

Síðan er talað um trúnaðarþrest í sjöundu tillögunni og það sé brýnt að endurvinnna það traust sem menn töldu að hefði glatast á milli borgarfulltrúa annars vegar og æðstu stjórnenda Orkuveitunnar hins vegar. Ég hef ekki farið dult með það og tel ekki ástæðu til að gera það hér, að það varð sannarlega ákveðið trúnaðartraust á milli þessara hópa og þessara einstaklinga. Við borgarfulltrúar fengum ekki þær upplýsingar sem við óskuðum eftir, alla vega á þeim fundum sem ég sat og ég veit að það sama var upp á teningnum hjá þeim aðilum sem t.d. samþykktu þennan samruna en höfðu annað hvort fengið engar upplýsingar eða það sem þeir myndu sannarlega kalla villandi upplýsingar. Þannig að þess vegna ræðum við það sérstaklega.

Síðan er rætt það sem formaður stýrihópsins kom ágætlega inn á hér áðan um að skýrslan verði kynnt í helstu stjórnnum og fyrirtækjum o.s.frv. Ég held að það sé mjög mikilvægt og ég held að það sé nauðsynlegt. Ég held að við eigum að gera það þannig með því að senda þessa skýrslu þangað sem við teljum farsælast að senda hana og kynna hana og síðan getur það þess vegna verið kynnt af hálfu annað hvort stýrihópsins eða einhvers annars sem er til þess bær að fara yfir það sem menn telja að hafi verið mikilvægasti lærdómurinn, því annars verður lítið úr þessu öllu saman.

Það var góð samstaða um allar þessar tillögur á vettvangi stýrihópsins. Auðvitað hefðu sum okkar viljað sjá aðrar tillögur eða fleiri tillögur og sumir hefðu viljað losna við eitthvað af þessum tillögum en við vorum sammála um að þetta væri niðurstaðan. Við töldum það – og það verður að koma fram hér vegna þess að auðvitað getum við túlkað og það kemur fram í lokaorðunum, eins og ég sagði áðan, að mönnum er gefið ákveðið svigrúm til þess að túlka niðurstöðurnar og það fannst okkur við líka verða að gera – en okkur þótti mikilvægt, eiginlega algjörlega nauðsynlegt, að ná þessari sameiginlegu lendingu, þannig að við gætum sagt: Þetta

er ekki lengur ágreiningsmál á vettvangi borgarstjórnar heldur erum við sammála um þetta. Þrátt fyrir að einstaka aðilar hefðu viljað sjá hlutina með öðrum hætti, þá gátum við sett málið í þennan búning og tryggt það að allir borgarfulltrúar allra flokka stóðu að því og ég held að það sé mjög mikilvægt og gott.

Ég held að við getum lært mikið af þessu, eins og ég hef sagt, og lært mikið af þessu ferli líka, þessu tilraunaverkefni sem í raun og veru þessi starfsemi þessa stýrihóps var, því hún var það. Hún var sannarlega óhefðbundin og það er ekki oft sem að borgarstjórn tekur sig saman með þessum hætti og ég tek undir með Svandísi Svavarsdóttur borgarfulltrúa, eins og ég hef oft áður gert úr þessum stóli, að ég tel að þetta samstarf á milli meirihluta og minnihluta eigi að efla og er sannarlega reiðubúin til að leggja mitt af mörkum í því og tel að við eigum aldrei – og ég taldi það rangt meðan ég var í minnihluta – að takmarka eins mikið völd og áhrif minnihluta eins og þá var gert og tel það ennþá núna, þó ég sé í meirihluta í borgarstjórn. Ég er sannfærð um að borginni er betur stjórnað, því fleiri sem hafa að því einhverja aðkomu.

En verkefnið sem við stöndum frammi fyrir er að innleiða þessar tillögur sem hér liggja frammi og ég held að það verði gert. Mér finnst margt á vettvangi Orkuveitu Reykjavíkur, eins og ég sagði áðan, bera þess merki. Við þurfum að taka stórar ákvarðanir um REI og framtíð REI og framtíð Orkuveitu Reykjavíkur. Við eigum að gera það í góðri sátt og læra af þessari löngu vegferð sem við fórum í frá því í október og ekkert okkar hefur komið algjörlega óbreytt út úr, þannig að við eigum að læra af því. Þetta er eitthvað sem ég held að við munum öll skoða í sameiningu og vinna vel að. Skýrslan talar sínu máli þó ekki sé hún, eins og sagði áðan, þó ekki verði veitt nóbelsverðlaun fyrir hana. Hún er málamiðlun en um leið mjög mikilvægt tæki fyrir okkur og mikilvæg tilraun fyrir okkur þar sem reynt er að ná sátt um stórt ágreiningsmál á vettvangi borgarstjórnar um dálítið stór og hörð átök og um hluti sem varð að leiða til lykta og okkur tókst að leiða til lykta með þessum hætti. Þess vegna ítreka ég, herra forseti, það sem ég sagði í upphafi að við stöndum áfram vörð um þá sátt sem náðist um skýrsluna, gætum okkar á því að virða það sem reynt var að gera þar. Það var mjög gott samstarf á vettvangi þessa stýrihóps, mjög gott samstarf við alla aðra borgarfulltrúa, líka á lokasprettinum og ég aftur, líkt og formaður stýrihóps gerði að sínum lokaorðum, þá aftur þakka ég

Bstj. 4. mars 2008

fyrir það öllum fulltrúunum sem sátu í stýrihópnum, Sigrúnu Elsu Smáradóttur, Óskari Bergssyni, Margréti Sverrisdóttur, Gísla Marteini Baldurssyni og einkum þó formanni stýrihópsins, Svandísi Svavarsdóttur borgarfulltrúa.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir hefur lokið máli sínu. Einn borgarfulltrúi hefur óskað eftir að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúa, Sigrún Elsa Smáradóttir borgarfulltrúi.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Sigrún Elsa Smáradóttir veitir andsvar:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil vegna orða borgarfulltrúa Hönnu Birnu Kristjánsdóttur þess efnis hverjir ættu að biðjast afsökunar, þó hún hafi reyndar svo gert grein fyrir því að hún ætli ekki að fara fram á að slík afsökunarbeiðni komi fram, en þá sér hún samt sem áður ástæðu til þess að nefna að það kynni að vera eðlilegt og leggur þannig að jöfnu aðkomu þáverandi borgarstjóra, borgarfulltrúa Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, við aðkomu minnihlutans. Ég vil minna á að við fulltrúar minnihlutans sátum þriggja tíma kynningarfund um samruna Geysir Green Energy og Reykjavík Energy Invest að morgni stjórnar- og eigendafundarins, 3. október. Hefði á annað borð staðið til að kynna stjórnarmönnum þau efnisatriði málsins sem haldið var leyndum hefði það verið gert á þeim fundi. Þær upplýsingar sem þar voru matreiddar fyrir okkur hnigu allar í þá átt að skynsamlegt væri að fallast á samruna fyrirtækjanna, hefðu spilin þar verið lögð á borðið. En þessi kynning var leidd af stjórnarformanni Orkuveitunnar, fulltrúa meirihlutans í stjórninni. Hefðu spilin verið lögð á borðið og kynning til stjórnarmanna endurspeglad efnisþætti og aðdraganda málsins, get ég alveg upplýst að atkvæði Samfylkingarinnar hefðu fallið öðruvísi. En það að vera leyndur gögnum getur bara ekki talist ámælisvert fyrir þann sem er leyndur gögnunum. Það er vissulega ámælisvert fyrir þann sem leynir gögnunum en það getur ekki talist ámælisvert fyrir þann sem er leyndur þeim. Nú liggur það fyrir að minnst þrír menn, Bjarni Ármannsson, Hjörleifur Kvaran og Haukur Leósson, hafa lýst því yfir hvernig 20 ára samningurinn og önnur efnisatriði málsins voru ítarlega kynnt þáverandi borgarstjóra, borgarfulltrúa Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsyni, sem hvorki sá ástæðu til að kynna það fyrir sínum félögum eða okkur í minnihlutanum og tók því þátt í að leyna þessum upplýsingum fyrir okkur sem fengum þær ekki. Það er ekki hægt að leggja þetta að jöfnu og mér finnst það eiginlega ekki sæmandi borgarfulltrúanum.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari Hanna Birna Kristjánsdóttir.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir svarar andsvari:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég kýs að líta svo á að borgarfulltrúinn hafi skilið orð mín. Ég var ekki að krefjast þess að borgarfulltrúinn biðjist afsökunar. Ég var einungis að segja það og ítreka það að ég sem fulltrúi í þessum stýrihópi og sem borgarfulltrúi taldi að það væri ekki rétt að nota þessa skýrslu til þess að fara að krefja menn um afsökunarbeiðni eða eitthvað slíkt, vegna þess að ég er sannfærð um að við höfum öll gert ákveðin mistök í málinu og ég nefndi þetta vegna þess að mér þótti að ræða formanns stýrihópsins, og þarf ekkert að endurtaka það, hafi farið í aðrar áttir en ég hefði átt von á við kynningu á þessari skýrslu. Ég held að allir hafi viðurkennt og ég hef algjöran skilning á því sem Sigrún Elsa Smáradóttir borgarfulltrúi nefnir, vegna þess að ég upplifi það sama, að fá ekki réttar upplýsingar og það er erfitt þegar ætlast er til þess að menn taki ákvörðun. En það hefur ítrekað verið nefnt og það hefur Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson fyrrverandi borgarstjóri gert, að hraðinn hafi verið of mikill og málið hefði átt að vinnast öðruvísi. Ég hélt, og þess vegna gerði ég þetta að umtalsefni, vegna þess að það kom fram í ræðu formanns stýrihópsins, að það væri ekki umræðuefnið hér í dag heldur sú sameiginlega sátt og þær sameiginlegu tillögur sem voru fluttar í þessari skýrslu og þess vegna gerði ég þetta að umtalsefni, forseti.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir hefur svarað andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni Sigrún Elsa Smáradóttir borgarfulltrúi.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Sigrún Elsa Smáradóttir veitir andsvar öðru sinni:** Já, forseti. Ég held ég hafi ekki misskilið borgarfulltrúann neitt, ég tók það m.a.s. sérstaklega fram að hún hefði tekið fram að hún væri ekki að krefja neinn svara eða að neinn bæðist afsökunar. En hún sá samt sem áður ástæðu til þess að nefna þetta og þetta hefur nú í daglegu tali verið nefnt smjörklípuaðferðin, það er svona einhvern veginn að segja eitthvað án þess nákvæmlega að segja það og gefa eitthvað í skyn og láta að því liggja að allir séu samsekir þegar það er augljóst að svo er ekki.

Ég vil minna borgarfulltrúann á að við borgarfulltrúar minnihlutans í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, ég og borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir, lögðum fram á þessum umrædda eigendafundi tillögu um frestun, að málinu yrði frestað milli funda. En vegna þess að hún nefnir það sérstaklega sem vörn Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarfulltrúa í málinu að málið hafi gengið of hratt – sá ágæti borgarfulltrúi tók þátt í að fella þá tillögu okkar um frestun. Þannig að ég tel nú að ég hafi gert mitt til þess að reyna að hægja á málinu, eins og hægt var og get ekki tekið ábyrgð á því og ætla ekki að biðjast afsökunar fyrir það að aðrir borgarfulltrúar hafi kosið að fella þá sjálfsögðu frestunartillögu.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur veitt andsvar öðru sinni. Þá svarar andsvari öðru sinni borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir svarar andsvari öðru sinni:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég verð nú að segja að mér finnst borgarfulltrúinn aðeins fara í hring. Í öðru orðinu segir borgarfulltrúinn að hún skilji fullkomlega að ég hafi ekki verið að biðja hana um að biðjast afsökunar og svo segist hún ekki ætla að biðjast afsökunar. Enda var enginn að óska eftir því. Ég var einungis – og mér finnst undarlegt vegna þess að ég hélt að lærdómurinn af þessu væri sá að það hefðu átt sér stað ákveðin mistök alls staðar í ferlinu. Við rákum okkur á það þegar við fórum í gegnum það að það hefðu orðið þrálát mistök hér og þar í ákvarðanatökunni. Það breytir engu um það, það var einungis einn borgarfulltrúi, það var einungis einn stjórnarmaður í Orkuveitu Reykjavíkur sem sat hjá við þessa afgreiðslu og það var borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir. Allir hafa einhverjar málsbætur en það voru borgarfulltrúar sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni og greiddu þessari tillögu atkvæði sitt. Það er ekkert sem breytir því. En það er enginn að biðja um neina afsökunarbeiðni. Það er einungis verið að benda á að það er heldur ekki hægt að segja að það sé við bara einn að sakast, heldur er ákveðið ferli í gangi og það var enginn að leggja mat á það með neinum hætti. En það er þannig samt, borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir, að þú ert örugglega ekki undanskilin því frekar en við öll hin og ég hélt að það væri lærdómurinn og þá verða menn að leiðrétta mig ef það er rangt, að það fór í gang ákveðið ferli þar sem allir misstigu sig með einhverjum hætti.

**Forseti:** Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi hefur lokið við að svara andsvari. Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur óskað eftir að bera af sér sakir.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Sigrún Elsa Smáradóttir ber af sér sakir:** Já forseti, ég óska eftir því að bera af mér sakir vegna þess að hér í lokasetningu sinni segir borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir að það ætti að vera ljóst og það væri lærdómurinn að allir hefðu misstigið sig í þessu máli. Ef borgarfulltrúinn kallar það að misstíga sig að taka ákvörðun á grunni rangra upplýsinga, ef hún myndi líta á það sem svo að hún væri að misstíga sig ef hún væri að samþykkja byggingu á háhýsi þar sem verkfræðingar væru búnir að sitja með henni á þriggja tíma kynningarfundum og segja henni að burðarþolið væri gott og þetta væri svona og svona og borgarfulltrúinn tæki ákvörðun út frá því, þó hún myndi kannski vilja fá einhvern lengri tíma en ákvörðunin væri knúin fram, ef borgarfulltrúinn myndi þá líta svo á að hún væri að misstíga sig, þá getur borgarfulltrúinn litið svo á að ég hafi misstigið mig í þessu máli, en ég tel það ansi langt seilst.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Næstur tekur til máls borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Júlíus Vífill Ingvarsson:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Þessi umræða er nokkurs konar afturhvarf til fortíðar. Ég get ekki sagt ég hafi mikla ánægju af sumu því sem að hér hefur verið sagt, að hlýða á það.

Snúum okkur aðeins að skýrslunni. Margt ágætt sem fram kemur í henni. Ýmsar ágætar ábendingar, flestar nokkuð almennar en engu að síður prýðilegar til þess að fara ofan í. Orkuveita Reykjavíkur hefur þegar tekið upp á fundum sínum, bæði 1. og 15. febrúar málefni sem þarna er bent á í þessari skýrslu. Það er í fyrsta lagi stefnumótun Orkuveitu Reykjavíkur. Stefnumótunarvinnan hefur verið hafin og sett af stað af stjórn Orkuveitunnar og svo náttúrlega í anda upplýstrar stjórnarsýslu, þá hefur verið ákveðið að allar fundargerðir Orkuveitu Reykjavíkur verði birtar opinberlega og þær má lesa af vef Orkuveitunnar, or.is, eins og væntanlega borgarfulltrúar hafa þegar kynnt sér og fylgst með.

Varðandi stefnumótun Orkuveitu Reykjavíkur sem var eitt af hlutverkum þessa stýrihóps í upphafi þá gagnrýndi ég það opinberlega að slík vinna hafði verið sett inn í stýrihópinn og það hefði verið eitt af hlutverkum hans að taka það fyrir. Hann átti reyndar að starfa fram á vor, gott ef ekki fram til 1. júní, til þess að fara yfir stefnumótun fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur sem mér fannst fráleit hugmynd, enda lagaleg skylda stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur að sinna því hlutverki og undarlega að verki staðið ef einhver nefnd – kannski erfitt að kalla stýrihópinn einhverja nefnd – skipuð af borgarráði sem ætti að sjá um þetta fyrir hönd stjórnar og rétta henni síðan þá niðurstöðu. Það gekk ekki upp að mínu viti og sem betur fer ákvað stýrihópurinn það sjálfur að snúa af þessari leið og hætta við að móta stefnu Orkuveitu Reykjavíkur til framtíðar.

Mikil leynd ríkti um störf þessa stýrihóps. Meiri leynd en um flest annað eða kannski nokkuð annað sem að gert hefur verið hér á vettvangi borgarinnar. Formaður stýrihópsins, borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir, fór hér mikinn fyrir í dag og talaði um að borgarfulltrúar meirihlutans létu ekki ná í sig og væru ekki í fjölmiðlum. Mér er mjög minnisstætt að einmitt á þeim tíma sem að borgarfulltrúinn var sjálfur formaður þessa stýrihóps fór hann með veggjum.

Fjölmiðlamenn kvörtuðu yfir því og fjölluðu um það opinberlega að það gengi mjög illa að ná í borgarfulltrúann, svaraði ekki sínum, kæmi hvergi fram, væri ekki sjáanlegur, væri að fjalla um þessi stóru og miklu mál, þetta stórkostlega REI-mál innan þessa stýrihóps, án þess að nokkur fengi að vita hvað þar væri að gerast. Þannig að slíkri umræðu er auðvitað vísað til föðurhúsanna.

Það er nokkuð merkilegt hér að velta þessu fyrir sér og horfa upp á borgarfulltrúa Sigrúnu Elsu Smáradóttur koma hér upp og eiginlega engjast hér í ræðustól þegar hún fer yfir sinn hlut í þessu máli. Upprunalega átti þessi svokallaði stýrihópur, skipaður af borgarráði, að vera hópur oddvita. Oddvitarnir áttu að koma saman og fara yfir þetta mál og komast að niðurstöðu. Þetta er dálítið rannsóknartæki, ekki rannsóknarréttur en rannsóknartæki, þar sem verið var að fara yfir það sem gerst hafði. Það kom náttúrliga fljótlega í ljós að það gekk illa upp þar sem oddvitarnir flestur tengdust þessu máli með einum eða öðrum hætti. Oddvitinn Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson tók ekki þátt í þessari vinnu, fannst það ekki eðlilegt og það sama má segja um borgarfulltrúann þáverandi Björn Inga Hrafnsson sem ekki vildi taka þátt í þessari vinnu, enda fannst það ekki eðlilegt. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson tók ekki þátt í þessari vinnu heldur enda ekki eðlilegt. Þeir sem sátu í þessum hópi voru engu að síður tveir borgarfulltrúar sem komu mjög nálægt þessu máli og einn oddviti eins stjórnmalaflokks hér í borgarstjórn tók ekki bara sæti í þessu stýrihópi heldur bara stýrði honum, gerðist formaður hans, setti á sig sinn geislabaug og sína vængi, var upphafinn yfir allt og allt og taldi sig vera algjörlega í stakk búinn til þess að fjalla akkúrat um það sem hann var að gera. Vegna þess að viðkomandi borgarfulltrúi, formaður þessa stýrihóps sem hér hefur komið upp og gert grein fyrir störfum hans, er auðvitað þátttakandi í þessu máli á ýmsum stigum, eins og allir þekkja. Formaður stýrihópsins sat t.d. fund hér sem má lesa um á bls. 18 í skýrslunni, þar sem stendur: „Á stjórnarfundum REI þann 3. október var ákveðið að minnka kauprétti starfsmanna verulega frá því sem ákveðið var á fundi 1. október.“ Þetta stendur nú bara hér og ég les þetta hér upp úr skýrslunni. Með öðrum orðum að borgarfulltrúinn sjálfur – sem reyndar núna talar úr sæti sínum og segist ekki hafa setið þennan fund, ég reikna með að borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hafi setið þennan fund – og hver sat á þeim fundi? Það er ágætt að fá það hér upplýst. Þetta er stjórnarfundur í Orkuveitu Reykjavíkur, ég las REI og biðst afsökunar á því og endurtek þá að þegar listar yfir svokallaða kauprétti voru

lagðir fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sátu þann fund, stjórnarfund, báðir þessir borgarfulltrúar sem sátu í þessum stýrihópi. Þannig að með öðrum orðum voru borgarfulltrúarnir ekki bara að fjalla um þátt annarra í þessu máli heldur einnig að fjalla um eigin þátt sem samkvæmt öllum venjulegum stjórnsýslureglum, sem kannski eiga nú við hér eða ekki við, eftir því hvernig menn vilja líta á það, myndi náttúrulega valda því að viðkomandi borgarfulltrúar væru algjörlega vanhæfir til þess að fjalla um þetta mál og hefðu auðvitað átt að víkja sæti og óska eftir að einhverjir aðrir tækju þetta að sér. Auðvitað hefði verið eðlilegast af öllu að þeir sem tækju það að sér væru þeir sem ekki væru hér á vettvangi borgarstjórnar. Þannig að mér leikur nú forvitni á að vita og ég reikna með að formaður stýrihópsins komi hér upp aftur í þessa umræðu og hann geti þá farið yfir það hér með okkur í borgarstjórn, hvort að það sjónarmið hafi ekki verið reifað innan hópsins í þeirri vinnu sem þar fór fram. Hvort að hann og auðvitað borgarfulltrúinn Sigrún Elsa Smáradóttir væru ekki vanhæfir borgarfulltrúar til þess að fjalla um þetta mál á þessum vettvangi, bara í skjóli jafnræðis, eins og eðlilegt væri.

Í bréfi formanns til borgarráðs sem var fjallað um hér áðan kemur fram að stýrihópnum hafi verið falið þann 18. október sl. að gera „ítarlega úttekt á aðdraganda og kynningu stjórnar- og eigendafundar Orkuveitu Reykjavíkur 3. október og þeim ákvörðum er þar voru teknar er varða sameiningu REI og Geysir Green Energy“, eins og stendur í bréfinu. Þetta er að vísu ónákvæmt því samkvæmt fundargerð borgarráðs 18. október þar sem stýrihópurinn er stofnaður stendur, með leyfi forseta:

„Hópurinn hafi það hlutverk að kanna allar hliðar samruna Reykjavík Energy Invest og Geysir Green Energy með það að markmiði að hagsmunum almennings og borgar verði gætt, löglega verði að verki staðið og öllum spurningum svarað sem þegar hafa komið upp og upp kunna að koma við skoðun málsins, m.a. með tilliti til athugasemda og spurninga Umboðsmanns Alþingis.“

Hérna er sem sagt nokkuð með öðrum hætti orðaður tilgangur þessa stýrihóps og erindisbréfið er samhljóða samþykkt borgarráðs frá 18. október. Þess vegna spyr maður – hvernig stendur á því að hér gætir þessa ósamræmis af þessum texta sem samþykktur er 18. október og má auðvitað lesa að það sé ekki endilega frágengið hvort að samruninn verði samþykktur eða ekki, vegna þess að hér stendur ekkert

um það. Hér stendur: „Löglega verði að verki staðið.“ Þá kannski ef menn rifja þetta aðeins upp og fara yfir sviðið þá rifjast það upp fyrir mönnum að borgarfulltrúar í þáverandi meirihluta, bæði Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi og borgarfulltrúi Björn Ingi Hrafnsson, voru auðvitað ákafir stuðningsmenn samrunans, töluðu fyrir honum. Það er rétt að formaður stýrihópsins fari yfir þetta, vegna þess að það vekur tortryggni þegar að textanum er breytt, upphaflegu markmiði stýrihópsins, sem er auðvitað ekki vaninn hér í störfum borgarstjórnar, þar sem nefndir starfa og menn fara auðvitað eftir því sem að fyrir þá er lagt.

Mér þætti gott ef formaður stýrihópsins myndi fara yfir þetta og skýra það út fyrir borgarstjórn hvernig á því stendur að texta hefur verið breytt og að formaður hefur tekið sér það vald að umorða tilgang nefndarinnar.

Mér er kunnugt um að fundað var í þessum stýrihópi nánast daglega. Það var gríðarleg vinna sett af stað í upphafi starfsins. Það voru langir og strangir fundir og formaður stýrihópsins sagði frá því á opinberum vettvangi, eitthvað á þá leið að sérfræðimenntað fólk væri kvatt til og það væri stýrihópnum til aðstoðar og það væri ýmislegt sem væri komið þar fram. Fljótlega fór nú fundunum að fækka og svo kom að það var ekki fundað nema fulltrúar Sjálfstæðisflokks í þessum stýrihópi óskuðu eftir því alveg sérstaklega. Þá reyndar kom fram að það væri heldur lítið á dagskrá.

Það sem ég hefði viljað sjá hér í þessari skýrslu þar sem er verið að fara yfir störf stýrihópsins eru ekki bara þær niðurstöður sem hann kemst að heldur líka með hvaða hætti var starfað, bara í ljósi upplýstrar stjórnsýslu þannig að hann geri grein fyrir sínum störfum. Þannig að mér finnst eðlilegt að formaður komi þá hér upp og segi okkur frá því hvernig var starfað, hversu oft var fundað og hvað var á dagskrá þessara funda. Þá finnst mér eðlilegt að formaður komi hér og upplýsi okkur hverjir þessir sérfræðingar voru sem komu á fund stýrihópsins, hvað þeir voru að segja og hvaða gögn voru lögð fram í starfi þessa stýrihóps. Það er bara eðlilegt og sjálfsagt og í anda lýðræðislegrar umræðu. Þar fyrir utan finnst mér ekki óeðlilegt að formaður komi hér upp og segi okkur einnig hversu mikið þessi vinna kostaði Reykjavíkurborg. Ýmsu var til tjaldað og ljóst að kostnaður féll til og mér finnst eðlilegt að það komi fram.

Mér finnst sem sagt ýmislegt í þessari skýrslu áhugavert en það er ýmislegt sem mér finnst vanta upp á, formkröfur, varðandi það að hópurinn sé að skila af sér, hann ákveður að skila af sér í borgarstjórn og það er því sjálfsagt að hann geri það með góðum, skýrum og ítarlegum hætti. Ég hef t.d. haft af því spurnir – og ég bið þá formann að koma hér upp og greina frá því – að háskólakennari skilaði skýrslu og úttekt inn til hópsins og ég fékk eintak af þeirri skýrslu, þó ég reyndar vissi mest lítið um það hvað væri að gerast í þessum blessaða stýrihóp. Þessi skýrsla var mjög áhugaverð og hún byggðist á viðskiptalegum sjónarmiðum. Hún byggðist á útreikningum, verðmati og öðru slíku sem þessi háskólakennari gerði. Hann sendi skýrsluna inn og bauð það að hann kæmi fyrir stýrihópinn og segði frá og skýrði nánar þessa úttekt sem hann gerði, en það var ekki þegið. Ég vil þá gjarnan fá að vita hvort fleiri dæmi eru um slíkt og formaður leiðréttir þá ef ekki er rétt. eru fleiri dæmi um slíkt að sérfræðingar hafi boðist til að koma fyrir nefndina en það hafi ekki verið þegið.

Stýrihópurinn gerir athugasemd við þann mikla hraða sem einkenndi málið og það hefur verið talað um það hér í ræðustóli í dag. Það er alveg rétt að það hefði margt farið öðruvísi ef hraðinn hefði verið minni og undir það er tekið með borgarfulltrúanum Sigrúnu Elsu Smáradóttur, þó að ég verði að viðurkenna að ég hafi ekki skilið nema hluta af því sem hún sagði hér í ræðustóli fyrir augnabliki. En það vekur athygli þó að í þessum mikla hraða var bent á ákveðið atriði sem varðaði hagsmuni FL-group sem kemur auðvitað mjög að þessu máli og að hraðann mætti hugsanlega skýra vegna þeirra hagsmuna en það er ekki minnst á það í skýrslunni. Mér finnst eðlilegt að minnsta kosti að það sé dregið fram í dagsljósið þar sem það var eitt af þeim atriðum sem voru í opinberri umræðu á meðan málið stóð sem hæst.

Í kafla 2.1 í lokaskýrslunni er fjallað um atriði sem mér finnst ámælisvert eða geta verið ámælisvert. Þar stendur: „Við vinnu stýrihópsins kom í ljós að FL-group sem hafði verulegra fjárhagslegra hagsmuna að gæta af því hvernig þjónustusamningur OR og REI yrði, hafði bein áhrif á samningsgerðina, eins og fram kemur í tölvupóstsamskiptum milli FL-group og OR. Þetta verður að teljast óeðlilegt í ljósi þess að samningur var á milli tveggja fyrirtækja í meirihlutaeigu borgarinnar og formleg staða FL gagnvart þeim engin.“ Þetta verða að teljast stór orð og alvarleg

ásökun á hendur FL-group. Rétt er að geta þess að FL-group fékk ekki mér vitanlega að lesa þennan texta yfir eða gera athugasemdir við hann. Stjórnvald, Reykjavíkurborg, borgarfulltrúar eru sem sagt með ávirðingar í garð fyrirtækis sem er í einkarekstri út í bæ, án þess að því fyrirtæki gefist kostur á því að koma að sínum andmælum, sínum athugasemdum að minnsta kosti, áður en skýrslan er kláruð og hún gerð opinber, birt á netinu fyrir alla að sjá og send fjölmiðlum, eins og allir þekkja. Þar fyrir utan veit lesandi skýrslunnar ekki við hvað er átt. Tölvupóstsamskipti FL-group og OR fylgja ekki skýrslunni og þess vegna útilokað fyrir þann sem vill kynna sér þetta mál að mynda sér sjálfstæða skoðun á því hvort rétt sé með farið. Tölvupóstsamskipti FL-group við OR vegna þjónustusamnings Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavík Energy Invest geta verið fullkomlega eðlileg í ljósi þess að stefnt var að sameiningu REI og Geysir Green sem var að stórum hluta til í eigu FL-group eins og menn þekkja. Ekki kemur heldur fram í skýrslunni hvort tekið var tillit til þessara ábendinga eða með hvaða hætti þeir voru gerðir og þess vegna finnst mér eðlilegt að þetta verði skýrt hér. Mér finnst óeðlilegt að FL-group þurfi að sitja undir þessu eða þá að minnsta kosti að borgarfulltrúarnir geri grein fyrir því og sýni fram á að þetta hafi verið óeðlilegur þrýstingur. Orðið „óeðlilegt“ er notað í þessu samhengi. Ég hef auðvitað ekki séð þessi tölvupóstsamskipti, ekki frekar en annað sem lagt var fyrir nefndina, enda er það allt saman trúnaðarmál. En mér finnst í ljósi þess að þetta stendur í skýrslunni nauðsynlegt að borgarfulltrúar geri grein fyrir þessu. Mér finnst ekkert óeðlilegt við það að fyrirtæki hafi skoðun á þessu. Mér finnst ekkert óeðlilegt að fyrirtæki sem hefur hagsmuna að gæta gagnvart sínum hluthöfum komi á framfæri sínum athugasemdum, sínum skoðunum á þessu máli. Það er svo allt annað mál hvernig þeim er tekið, hvort að þeir stjórnendur sem við þeim taka fara að þeim, skoða þau, meta þau og hvort að þetta sé ekki bara innlegg sem mun skoða eins og hvert annað. Þannig að svona orð geta ekki verið sett í skýrslu af opinberum aðilum nema þeim fylgi frekari skýringar.

Orðnotkunin „kaupréttarsamningur“ er ítrekað notað í þessu samhengi. Slík orðnotkun er ónákvæm. Kaupréttarsamningar eru mikið notaðir í fjármálageiranum eins og alþekkt er og hefur verið mikið gagnrýnt, mikið notað í stærri fyrirtækjum sem eru á hlutabréfamarkaði. Stjórnendum í slíkum fyrirtækjum er veitt heimild til þess að kaupa á ákveðnu gengi sem yfirleitt er lægra en skráð gengi á þeim tíma

sem samningur er gerður. Þeim er síðan í sjálfsvald sett hvort að þau nýti sér þá heimild að kaupa á þessu tiltekna gengi eftir einhvern ákveðinn tíma sem gæti hugsanlega verið 1, 2 eða 3 ár. Þeir samningar sem gerðir voru við starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur voru þess vegna ekki kaupréttarsamningar í þeim skilningi heldur samningar, tilboð, til þess að kaupa á ákveðnu gengi sem vissulega var gott gengi. Það var lægra heldur en það gengi sem menn töldu að það ætti að vera. En starfsmenn urðu hreinlega að taka afstöðu til þess á þeim tíma og væntanlega greiða fyrir það á þeim tíma jafnframt. Nú hefur náttúrulega komið í ljós að sennilega voru þetta ekki góð kaup engu að síður, en það vissu menn auðvitað ekki á þeim tíma.

Með skýrslunni fylgja tvö lögfræðialit sem vissulega eru áhugaverð og þá sérstaklega verð ég að segja að mér finnst lögfræðialit Andra Árnasonar hæstaréttarlögmanns sérstaklega áhugavert. En þau eru ósamstæð, þau komast að ólíkri niðurstöðu. Þau birtast sem viðhengi með skýrslunni án þess að nokkur tilraun sé gerð til þess að draga það saman eða draga út það sem áhugavert er að mati stýrihópsins og komast að einhverri niðurstöðu. Það er kannski það sem ég verð að segja að mér finnst helst vanta inn í þessa skýrslu, þ.e. niðurstöður sem eru nákvæmari, fastari fyrir, greinarbetri heldur en það sem við höfum fyrir framan okkur. Það verður að segjast eins og er að menn eru með góðum vilja að reyna að lesa út úr skýrslunni það sem nýta má en hún er ekki nákvæmur leiðarvísir til notkunar fyrir þá sem að geta þurft eða koma að málinu nú í dag.

Þá verð ég að segja að mér finnst ýmsar lagalegar hliðar vanta í skýrsluna. Það er í lögum ákaflega skýrar reglur um það hvernig fyrirtæki eiga að sameinast. Það er hreinlega ákveðið ferli sem fara verður í gegnum. Það er hvergi minnst á það í skýrslunni, það er hvergi farið yfir það. Það er hvergi farið yfir það að þetta ferli var ekki virt í þessu samrunaferli sem þarna átti að eiga sér stað og mér hefði þótt eðlilegt að það kæmi fram í skýrslunni en það gerir það ekki.

Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson talaði um það hér í ræðustól og fór mikinn, að hér væri brunaútsala í bakherbergjum Sjálfstæðisflokksins, ég held hann hafi sagt það nokkrum sinnum í ræðu sinni, sem er nokkuð merkilegt því hann var fylgjandi þessum samruna af öllu hjarta, að því er virðist vera úr ræðustól. Nú finnst mér að

stýrihópurinn hefði auðvitað átt að svara þessari yfirlýsingu borgarfulltrúans. Var þetta brunaútsala eða ekki brunaútsala?

Það er nokkuð merkilegt að það er ekkert í skýrslunni um sjálft verðmatið, um þá viðskiptalegu hagsmuni sem að um var verið að fjalla, um þeir viðskiptahugmyndir sem að baki þessu bjuggu. Verðmat fyrirtækjanna er ekkert í skýrslunni. En verðmat þessara fyrirtækja, bæði Reykjavík Energy Invest og Geysir Green Energy er hvergi á blaði. Það hlýtur þó að vera lykilatriði í þessu sambandi og ófullnægjandi að lokaskýrsla stýrihópsins skuli sigla svo framhjá þessu eins og raun ber vitni.

Þetta eru svona mínar athugasemdir við þessa skýrslu en þó er mín athugasemd helst þessi sem ég byrjaði á. Þeir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sem tóku þátt í þessari vinnu unnu það af miklum heilindum, héldu þessum upplýsingum hjá sér, eins og til var ætlast, en þeir komu líka að þessari vinnu af hliðarvængnum án þess að hafa tekið þátt í þessu ferli Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavík Energy Invest á öðrum stigum, á öðrum sviðum, eins og borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir og borgarfulltrúinn með geislabaug og vængi gerði. Þess vegna hefðu báðir þessir borgarfulltrúar átt að hafa siðferðislegt þrek, sem þeir höfðu ekki, til þess að standa upp úr þessari vinnu, lýsa því yfir að þetta væri þeim ofaukið, þessir borgarfulltrúar væru að fjalla um eigin störf, eigin þátttöku sem var mun meiri heldur en margur gerir sér grein fyrir, þátttaka, samvinna um þá samninga sem gerðir voru við starfsmenn um að kaupa hlut í félaginu. Hvorugur þessara borgarfulltrúa hefur neitað því að svo var. Og svo auðvitað hitt sem fram hefur komið hér hjá borgarfulltrúa Sigrúnu Elsu Smáradóttur, samþykki fyrir þessum samruna og borgarfulltrúinn hefur farið yfir það hér að hann hafi ekki haft nægar upplýsingar og ég ber ekki brögður á það, en það er engu að síður svo að borgarfulltrúinn tók þátt í þessari atkvæðagreiðslu, tók þátt í þessu ferli og það er ekki hægt að hvítþvo sig með lokaskýrslu stýrihópsins þar sem ekkert er minnst á þátt þessara borgarfulltrúa beggja.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson hefur lokið máli sínu. Þá hefur óskað eftir að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Svandís Svavarsdóttir veitir andsvar:** Frú forseti, borgarfulltrúar. Það er nú dálítið langur listi sem væri hægt að svara hér en ég finn nú hér undirliggjandi ákveðið svekkelsi borgarfulltrúa Júlíusar Vífils Ingvarssonar yfir því að hafa ekki verið í stýrihópnum, ég held að það sé greinilegt að hann telur að hann hefði væntanlega gert þetta allt saman betur. Allar þær athugasemdir sem hann hefur haft hér uppi eru athugasemdir við borgarfulltrúa Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og borgarfulltrúa Gísla Marteinn Baldursson sem eru, honum til upprifjunar, með honum í borgarstjórnarflokki og hefði væntanlega átt samtöl við, ef fólk talar saman í þeim hópi. Ég mundi nú vilja nefna það hér við forseta borgarstjórnar hvort að háðsglósur á þann veg að sú sem hér stendur sé með geislabaug og vængi, kölluðu á einhvers konar áminningu fyrir borgarfulltrúann eða hvort að varnarræður forseta borgarstjórnar séu einungis í þágu borgarstjóra þegar þær varnir falla, sem gerist nú stöku sinnum hér.

Ég þarf að fara yfir þetta lið fyrir lið í lengra máli hér í seinni ræðu. En áður en að því kemur þá langar mig sérstaklega að gera að umfjöllunarefni hér þessar vangaveltur hér um það að vegna þess að ekki hafi náðst í formann stýrihópsins á meðan á vinnunni stóð að þá hafi það verið á einhvern hátt ekki hafið yfir vafa sú vinna sem þar fór fram. Það skal tekið fram að sú ákvörðun var tekin í fullri sátt og í fullu samráði við alla fulltrúa í stýrihópnum að það gengi ekki að sú vinna færi fram bæði í fjölmiðlum og inn í hópnum vegna þess hversu viðkvæm hún væri.

Ég óska eftir því þá að borgarfulltrúar Hanna Birna Kristjánsdóttir og Gísli Marteinn Baldursson svari jafnframt þessum ávirðingum borgarfulltrúans sem hér hafa verið hafðar í frammi. En mun fara ítarlegar í þá punkta sem hér hafa komið fram í seinni ræðu.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Júlíus Vífill Ingvarsson svarar andsvari:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég mun þá að sama skapi taka til máls eftir að borgarfulltrúinn hefur gert grein fyrir þeim upplýsingum sem ég hef óskað eftir hér í dag, þannig að við skulum bara búa okkur undir það að vera hér til morguns, ég hef nógan tíma.

Borgarfulltrúanum til upplýsingar – það er ekkert svekkelsi af minni hálfu að hafa ekki verið þátttakandi í stýrihópnum. Hefði ég verið þátttakandi í stýrihópnum hefði ég svo sannarlega gert athugasemdir við aðkoma bæði borgarfulltrúa Svandísar Svavarsdóttur og Sigrúnar Elsu Smáradóttur í þessari vinnu, þar sem þær voru allan hringinn við það borð og voru samt sem áður að fjalla um eigin störf allan tímann. Borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir er í þessu máli með geislabaug og vængi og það er bara tekið beint upp úr ræðu hennar sjálfrar. Ef hún er svekkt vegna þeirrar orðnotkunar þá skal hún bara vera svekkt við sjálfa sig.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson hefur lokið við að svara andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Svandís Svavarsdóttir veitir andsvar öðru sinni:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég verð nú að viðurkenna að orðaskipti sem ég á við borgarfulltrúa Júlíus Vífill Ingvarsson eru nú með þeim ómálefnalegri iðulega hér í þessum sal og sérstaklega þegar hann fer að gera sig mjög breiðan sem fer honum afar illa, því að innistæðan er alltaf alveg hreint í lágmarki þegar sá maður er annars vegar, svo að ég kanni nú þolmörk forseta hér.

Sérstaklega að því er varðar ávirðingar gagnvart FL-group og andmælarétt hans þá vil ég upplýsa borgarfulltrúann og hinn löglærða Júlíus Vífill Ingvarsson að þeir lögmenn lásu yfir þann kafla sem varðaði mögulegan andmælarétt í skýrslunni og allir komust að þeirri niðurstöðu að við þann kafla skapaðist ekki andmælaréttur. Þeir eru allir hæstaréttarlögmenn.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir hefur lokið við að veita andsvar öðru sinni og þá svarar andsvari öðru sinni borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Júlíus Vífill Ingvarsson svarar andsvari öðru sinni:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það er alveg stórmerkilegt og stórskemmtilegt að fylgjast með ræðum borgarfulltrúans Svandísar Svavarsdóttur af því að honum tekst alltaf að fara alveg á lágsta plan þegar á móti blæs, þegar hann er kominn út í horn, þá fer þetta alltaf í svona skemmtilegan leðjuslag sem fáir eru betri í en viðkomandi borgarfulltrúi. Ég talaði ekki um andmælarétt í lagalegum skilningi, ekki samkvæmt stjórnarsýslurétti, heldur bara einfalda kurteisi sem að borgarfulltrúar, þeir sem fara með vald í borgarstjórn verða að sýna fyrirtækjum og einstaklingum hér í bæ. Það er ljóst af svari borgarfulltrúans að FL-group, því einkafyrirtæki út í bæ, var ekki sýnd sú kurteisi og það er ekki við hæfi.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson hefur lokið við að svara andsvari öðru sinni og þá gerir stutta athugasemd borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Svandís Svavarsdóttir gerir stutta athugasemd:** Forseti, borgarfulltrúar. Þetta er nú enn og aftur til marks um það hversu magnað fyrirbæri borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins er, vegna þess að þessar yfirhalningar og þessi dramatísku tilþrif sem borgarfulltrúinn viðhefur hér eru gagnvart plaggi sem er undirritað af borgarfulltrúa Hönnu Birnu Kristjánsdóttur og borgarfulltrúa Gísla Marteini Baldurssyni. Ég held að það væri bara ágætt úr því að borgarfulltrúinn hefur góðan tíma að setjast yfir þetta með þessum borgarfulltrúum. Meðal annars lá það fyrir alveg frá byrjun að í þessum stýrihópi ætti sú sem hér stendur sæti og sæi um að halda utan um þá vinnu og borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir. Ég veit ekki til þess að borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson sem á sínum tíma boðaði bara alveg hreint einn og sjálfur, persónulega, alveg sérstaka skoðun á þessu REI-máli í fjölmiðlum, ég veit ekki til þess að hann hafi nokkurn tímann komið þessum ávirðingum á framfæri við sína fulltrúa í stýrihópnum, að hann teldi þessa vinnu alveg hreint til háborinnar skammar vegna þess að þessar konur væru bara hringinn í kringum borðið, undir því og ofan á því held ég bara, svei mér þá. Væri þá ekki bara ágætt að þið settust hérna í rólegheitunum yfir þessi mál að afloknum þessum fundi og kæmuð ykkur saman um einhverja sátt í málinu, sem þið eruð nú sérfræðingar í.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Þá gerir sömuleiðis stutta athugasemd borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Júlíus Vífill Ingvarsson gerir stutta athugasemd:** Það er nú bara svo að borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir hefur komið hér upp trekk í trekk en hefur nánast engu svarað af því sem ég lagði fyrir hana. Ég óska þá eftir því að borgarfulltrúinn taki sig nú saman í andlitinu, reyni að sitja á sér, reyni að sitja á sínu stírða eðli og svari því sem ég hef lagt fyrir hana en reyni ekki snúa þessu bara upp á andskotann eins og hér er verið að gera. Þær athugasemdir sem ég hef verið að gera, snúa meira og minna allar að borgarfulltrúum Svandísi Svavarsdóttur og Sigrúnu Elsu Smáradóttur. En þar fyrir utan eru auðvitað þessar athugasemdir mínar fyrst og fremst um þá lokaskýrslu sem hér liggur fyrir borgarstjórn.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Forseti biður menn, bæði borgarfulltrúa meirihluta og minnihluta, um að virða hér ákveðin mörk hvað varðar orðalag og skeytingar sín á milli. En þá tekur til máls borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Sigrún Elsa Smáradóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil hefja þessa ræðu á að þakka þeim sem störfuðu með mér í stýrihópnum fyrir mjög gott og lærdómsríkt samstarf. Ég vil sérstaklega þakka formanni stýrihópsins, Svandísi Svavarsdóttur, fyrir hennar mikla og óeigingjarna starf. Það var ábyggilega ekki alltaf auðvelt að halda þessum hópi saman og missa ekki sjónar af endanlegu markmiði. Að greina hvað fór úrskeiðis og læra af mistökum. Og draga svo sameiginlegan lærdóm af þeim mistökum sem gerð voru í málinu. Þess vegna er skýrslan ekki aftökulisti. Þess vegna er hún kannski ekki nógu föst fyrir eða nákvæm, en einhverjir hefðu kannski kosið að hún væri og sumir hafa kallað eftir. Það sem þessi skýrsla gerir er að kafa ofan í atburðarásina og safna saman sameiginlegum lærdómum til framtíðar. Formaður hópsins á mikið hrós skilið fyrir að ná sameiginlegri niðurstöðu, það hefðu ekki allir geta leikið eftir.

En um hvað snerist REI-málið? Snerist það um það hvort menn væru með eða á móti orkuútrásinni? Eða með eða á móti samstarfi eða sameiningu opinberra fyrirtækja og einkafyrirtækja? Nei, REI-málið svokallaða snerist ekki um þessa þætti. Það hljóta allir að styðja orkuútrásina. REI-málið er ekki áfellingdómur yfir orkuútrásinni. REI-málið og sameiginleg þverpólísk niðurstaða stýrihóps borgarráðs útilokar ekki samstarf við einkaaðila í útrásinni. Niðurstaða stýrihópsins gerir þvert á móti ráð fyrir samstarfi við einkaaðila í útrásinni. Það er ljóst ef nauðsynlegt samstarf opinberra fyrirtækja og einkaaðila á að ganga í orkuútrásinni, verða samstarfsaðilar opinberu fyrirtækjanna að sýna þeim vinnubrögðum, sem nauðsynlegt er að viðhafa í opinberum rekstri, virðingu. Samstarf opinberra orkufyrirtækja sem búa yfir þekkingu og hafa félagslega ábyrgð að leiðarljósi og einkaaðila sem leggja til fjármagn, er án efa farsælasta leiðin til framtíðar í útrásarmálum. Um þetta var pólitísk samstaða í stýrihópi borgarráðs. Slíkt samstarf takmarkar fjárhagslega áhættu opinberu fyrirtækjanna, tryggir að félagsleg ábyrgð sé öxluð í þeim löndum sem útrásina ber niður í og er til þess fallið að eigendur orkufyrirtækjanna, almenningur, njóti ávaxtanna af þeirri þekkingu sem þar hefur skapast.

Sameining REI og Geysir Green Energy gat á sínum tíma orðið eðlilegt framhald í útrás þessara tveggja íslensku fyrirtækja og orðið til þess að renna traustari stoðum undir útrásina. En það sem varð til þess að REI-málið sprakk í andlitið á fyrsta meirihluta þessa kjörtímabils voru þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við sameininguna og í aðdraganda hennar.

Áfellingdómar stýrihópsins snúa að þessum vinnubrögðum. Kjörnir fulltrúar voru undir forystu sjálfstæðismanna og því hefur enginn neitað. Bæði stjórnarmenn Orkuveitunnar og almennir borgarfulltrúar leyndir mikilsháttar upplýsingum, m.a. um eðli samninga. Samningur sem sagður var eðlilegur þjónustusamningur sem ætti að tryggja að OR fengi að fullu greitt fyrir alla útselda vinnu með álagi reyndist í raun 20 ára einkaréttarsamningur. Jafnframt kom í ljós óeðlileg aðkoma þriðja aðila að gerð samningsins sem þá átti engan formlegan hlut að málinu en reyndist hafa stórtæk áhrif á eðli þjónustusamningsins eða einkaréttarsamningsins. Jafnframt vöknudu strax alvarlegar spurningar er vörðudu umboð eða umboðsleysi borgarstjóra til að ganga frá málinu fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Bæði hefur komið í ljós að borgarstjórinn þáverandi hafði ekki fullt umboð sinna félag, þó reyndar hafi hann fengið það kvöldinu áður á fundi en þá með því að leyna þá upplýsingum, þannig að það lá ekki allt á borðum þeirra, frekar en okkar í minnihlutunum. Jafnframt eru áhöld um það hvort borgarstjóri sem fór með eigendavald á fundinum hafi þurft að leita fyrirfram samþykktar borgarstjórnar á gjörningnum. Einnig hefur umboð stjórnar REI – sem minnihlutinn, Júlíusi Vífli til upplýsingar, átti ekki fulltrúa í – til að taka ákvarðanir, án þess að fá þær samþykktar eða kynntar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, verið dregnar í efa. Þá kom í ljós við skoðun málsins, að mjög víða var málsmeðferð ekki í samræmi við góða stjórnarsýsluhætti, t.d. þegar einstaklingar og fyrirtæki voru valin til samstarfsins og þegar stjórn REI heimilaði útvöldum að kaupa á gengi sem var helmingi lægra en gengið sem þá þegar hafði verið samið um í tengslum við sameiningu Geysis Green og REI. Ég tek það aftur fram að fulltrúi minnihlutans á þessum tíma átti engan fulltrúa í stjórn REI og komu hvorki að því að samþykkja þessa kaupréttarsamninga í þeirri stjórn, né breyta þeim í þeirri stjórn eftir að gagnrýni kom upp, og komu heldur raunar ekki að því að fella þá úr gildi í stjórn REI eftir að borgarstjóri hafði óskað eftir því, eftir mjög harða opinbera umræðu.

Þegar þetta lá allt saman fyrir í vinnu stýrihópsins var öllum ljóst sem að málinu komu að rifta þyrfti samruna fyrirtækjanna enda var samrunanum rift að tillögu hópsins þann 1. nóvember, eins og frægt er orðið. Málinu hafði verið klúðrað með óvönduðum vinnubrögðum undir forystu sjálfstæðismanna. Formaður stýrihópsins, borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir, hefur farið vel yfir þær niðurstöður og þá sameiginlegu lærdóma sem stýrihópurinn náði þverpólítískri samstöðu um.

Það er verkefni nýrrar stjórnar Orkuveitunnar skv. ákvörðun eigendafundar að ráðast í stefnumörkun fyrir OR og finna útrásinni nýjan og farsælan farveg. Mikilvægt verður í því ferli verði viðhöfð óaðfinnanleg vinnubrögð sem standist kröfur sem gerðar eru til opinberrar stjórnarsýslu, að við nýtum lærdómana úr REI-málinu vel. Skýra þarf stefnu og hlutverk Reykjavík Energy Invest, útfæra þarf verklagsreglur og tryggja fyrirtækinu rekstrargrundvöll til framtíðar. Það er ljóst að í útrásinni felast mikilvæg tækifæri fyrir Orkuveituna og eigendur hennar, en einnig fyrir þjóðir og samfélög sem búa yfir jarðvarma sem nýta má til orkuframleiðslu þeim samfélögum til farsældar og til að auka jákvæð hnattræn áhrif að endurnýjanlegum orkugjöfum. Slæleg vinnubrögð undir forystu sjálfstæðismanna sem urðu til þess að sprengja fyrsta meirihluta þessa kjörtímabils, mega ekki verða til þess að skaða útrásina til framtíðar. Um það verðum við öll að sameinast.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Óskar Bergsson:** Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil þakka fyrir þær góðu ræður sem hér hafa verið fluttar um REI-skýrsluna og þá sérstaklega formanni stýrihópsins, borgarfulltrúa Svandísi Svavarsdóttur, vegna þess að REI er í raun og veru leiðangur til þess að læra af. Við getum talað okkur hás hér í alla nótt um hvað hvert okkar hefur lært af þessu máli öllu og hvaða lærdóm við ætlum að draga af því inn í framtíðina.

Reykjavík Energy Invest var stofnað af Sjálfstæðisflokknum, að hans frumkvæði, og stýrt af honum í raun og veru frá upphafi og að minnsta kosti til enda þess meirihluta sem þá starfaði og ég var sammála þeirri hugmyndafræði. Ég var sammála því að það væru mikil tækifæri í orkuútrásinni og það væru mörg tækifæri og minni áhætta sem fælist í því að kalla einkaaðila og einkafjármagn með í þann leiðangur.

Stefnumótunin var skýr. Við áttum þekkingu og eigum þekkingu sem við vildum koma á framfæri út um víðan völl og út um allan heim. Það er gríðarlegt tækifæri fyrir þjóð eins og Íslendinga að standa frammi fyrir því að eiga nú ekki bara fisk sem útlendingar vilja kaupa heldur þekkingu líka. Í því eru gríðarleg tækifæri og það er það sem ég held að niðurstaða stýrihópsins hafi kallað fram, að þau tækifæri eru ekki gengin okkur úr greipum en við þurfum samt sem áður að gæta okkar vegna þess að við höfum orðið fyrir vissum skakkaföllum á leiðinni.

Þegar REI-málið blossaði upp í borgarstjórninni sl. haust þá var það sem stóð upp úr í málflutningi sjálfstæðismanna við okkur framsóknarmenn sem vorum þá með þeim í meirihluta, að þetta útrásarverkefni gengi gegn grundvallarhugmyndafræði sjálfstæðismanna. Það gengi ekki að blanda saman opinberum rekstri og áhættusömum einkarekstri. Þetta væri risarækjueldi í tíunda veldi og það væri engin leið fyrir þá að samþykkja eitthvað slíkt. Það má eiginlega segja að það hafi orðið uppreisn í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins gegn borgarstjóranum, Vilhjálmí Þ. Vilhjálmssyni í málinu, sem studdi útrásina, studdi samruna Geysis Green og REI og eftir því sem mér skilst þá átti hann góðan stuðning varaborgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í þeim hópi og þá mikinn meirihluta innan borgarstjórnarflokksins.

Niðurstaðan í þeirri uppreisn, ef ég má leyfa mér að kalla þetta uppreisn, var sú að það ætti að selja fyrirtækið strax, þetta væri gjörningur sem væri þegar orðinn. En plásturinn fyrir borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins var sá að vegna þess að þetta sameinaðist ekki þeim grundvallarsjónarmiðum þeirra um að ekki ætti að blanda saman opinberum rekstri og áhættusömum einkarekstri, þá ættum við að losa okkur út úr þessu sem fyrst. Hina pólitísku ábyrgð í málinu var stjórnarformaður Orkuveitunnar látinn bera, Haukur Leósson, og Sjálfstæðisflokkurinn gerði ekki svo lítið sem hafa fyrir því að bera sáttargjörð sína undir samstarfsflokkinn Framsóknarflokkinn. Það var þess vegna sem meirihlutinn sprakk. Okkar afstaða var allan tímann skýr. Við höfðum trú á verkefninu og okkur þótti óþægilegt að það yrði tekið fram fyrir hendurnar á okkur með þeim hætti sem gert var og því fór sem fór.

Hlutirnir gerðust hratt í kjölfarið, myndaður var nýr meirihluti og myndaður var þessi stýrihópur sem var og er í raun og veru algjör nýjung í íslenskum stjórnámálum. Ég verð að segja formanni stýrihópsins það til hróss og öllum öðrum sem í stýrihópnum sátu að sú vinna sem þar fór fram var að mörgu leyti tímamótavinna og vinna sem við getum lært af í framtíðinni í ýmsum öðrum málum. Vegna þess að það er mikilvægt fyrir stjórnámálamenn að fara yfir mál, fara yfir atburðarás, ekki kannski beint út frá stjórnsýslu, heldur kannski bara einfaldlega út frá pólitík. Út frá hugmyndafræði og hlutverki okkar kjörinna fulltrúa og umboði okkar inn í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar, hvort sem það er hér í Ráðhúsinu eða í stjórn dótturfyrirtækja borgarinnar.

Það sem mér finnst að mörgu leyti standa upp úr er hugmynd og spurningar um umboð. Ekki bara stöðumboð borgarstjóra heldur líka pólitískt umboð. Það er í raun og veru það sem allir sem að málinu koma, þurfa að fara yfir með sjálfum sér og þeir ráða þá því hvort að þeir opinbera þær hugsanir sínar hér, hvað það þarf til, til þess að kjörnir fulltrúar séu í góðri trú um það að það sem þeir eru starfa eftir, þó þeir hafi embættislegt og stjórnkerfislegt umboð til þess að framfylgja hlutunum, hvort þeir hafi baklandið með sér. Það var það sem vantaði í þessu máli. Það er kannski líka það sem vantar hjá okkur í ýmsum málum í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. En stærsta niðurstaða stýrihópsins er í raun og veru sú niðurstaða að þá á ekki að selja REI, eins og sáttatillaga og sáttgjörningur Sjálfstæðisflokksins hljóðaði sem sprengdi fyrsta meirihlutann. Orkuveitan á REI

og um það er þverpólitísk samstaða. Reyndar með breyttum forsendum, breyttum formerkjum og REI verði það útrásarfyrirtæki Orkuveitunnar sem tekur að sér verkefni í samstarfi við einkaaðila, ef ég skil formann stjórnar Orkuveitunnar rétt, að það sé hans sýn líka og formann stjórnar REI, að fyrirtækið eigi að starfa með þeim hætti.

En lærdómurinn af þessu – og ég hóf mál mitt með því að tala um að REI væri leiðangur til þess að læra af – er hvernig stjórnsýslu viljum við hafa. Hvernig stjórnsýslu viljum við hafa hérna í Ráðhúsinu? Hvernig stjórnsýslu viljum við hafa út á sviðunum? Hvernig stjórnsýslu viljum við hafa í dótturfyrirtækjum borgarinnar?

Mín tilfinning er oft þannig í þessu stjórnkerfi að þar sem okkar hlutverk er oft á tíðum skýrt, a.m.k. í töluðu máli, að við höfum þetta stefnumótunarhlutverk og við höfum þetta eftirlitshlutverk, en svo þegar kemur að því að við eigum að inna þessum skyldum þá er enginn tími. Til dæmis umræða um þriggja ára áætlun hér fyrir í dag er skýrt dæmi um það. Það er lítill tími. Það var oft sagt hér í ræðu í dag. Ég upplifi þetta dálítið þannig eins og maður sé að stjórna einhverju á bak við gler. Er það þannig stjórnkerfi sem við viljum hafa hér í Borgarstjórn Reykjavíkur? Þetta er stjórnkerfi sem hefur orðið til á löngum tíma, mótað af mörgum aðilum við mismunandi aðstæður. Ég get svarað fyrir mig og mitt leyti að ég held að við eigum að endurskoða hlutverk okkar og umboð okkar kjörinna fulltrúa í Borgarstjórn Reykjavíkur. Ég held að umboðið sé að mörgu leyti óskýrt. Ég held t.d. að sú staðreynd að það fari aðeins einn borgarfulltrúi með framkvæmdavald inn í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar, sé ekki að skila okkur bestu stjórnsýslunni. Þess vegna segi ég REI var leiðangur til að læra af og minn lærdómur er sá að við eigum að horfa opið á allt stjórnkerfi Reykjavíkurborgar og velta því fyrir okkur hvort þetta er sú stjórnsýsla og það stjórnkerfi sem við viljum starfa í.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur næstur til máls borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson:** Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla mér ekki að vera langorður í þessari umræðu enda margir ræðumenn eftir og allt stefnir í að þessum fundi ljúki ekki fyrr en kl. hálf tvö – tvö, mér finnst margt benda til þess. En ég vil segja það hér í upphafi að með nokkrum undartekningum hefur mér fundist þessi umræða hér í kvöld vera ágæt og ég er svo sem ekkert hissa á því, en sumt sem hefur verið sagt finnst mér miður. Ég ætla ekki að tiltaka neina sérstaka borgarfulltrúa, því að við erum hér að tala um niðurstöðu þessarar skýrslu og ég get einfaldlega sagt það hér og nú að við getum öll dregið lærdóm af þessu máli. Ég hef gert það og ég veit að aðrir sem hafa komið misjafnlega að þessu máli hafa gert það líka. Til þess var leikurinn gerður með þessum stýrihópi að fara yfir málið til þess að við getum dregið lærdóm. Ég vil segja það strax hér að ég er mjög sáttur við þær niðurstöður sem koma fram í hópnum, eins og bæði formaður hópsins og Hanna Birna Kristjánsdóttir fóru yfir. Ég tek undir þær allar, vegna þess að þó svo að ég hafi spilað stóra rullu í þessu máli, þá er það svo að við förum í þessa vinnu til að draga lærdóm, til þess að átta okkur á því hvernig við gætum gert hlutina betri. Við höfum örugglega öll lent í því á ævinni, hversu löng sem hún er, að við höfum gert eitthvað sem við vildum hafa gert betur, þegar horft er til baka, ég held það eigi við okkur öll. Við vitum það að það er enginn fullkominn.

Af því það var verið að óska eftir því á hverju borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hafi beðist afsökunar, ég held að formaður stýrihópsins hafi sérstaklega óskað eftir því, þá hef ég farið yfir það og ég ætla ekkert að fara að endurtaka það hér og ítreka. Ég er að reyna að horfa til framtíðar sem hluti af 15 manna borgarfulltrúahóp í Borgarstjórn Reykjavíkur, taka þátt í því að við getum núna innan tíðar sagt við almenning í Reykjavík: Við drógum sameiginlegan lærdóm af þessu máli og þetta mál hefur þá orðið til þess að nú ætlum við að vanda okkur betur í framtíðinni við öll mál, ekki bara stór heldur lítil. Reyna að gera það eins og kostur er sameiginlega, það er þá undir okkur öllum komið hvernig okkur tekst að vinna að því og gera þá stjórnsýsluna gagnsærri og opnari, þannig að eigendur borgarinnar, Reykjavíkurborgar, fyrirtækis, íbúar Reykjavíkur, eigendur Orkuveitunnar, 95% íbúar Reykjavíkur, 5% íbúar annarra sveitarfélaga, að þeir

geti verið sáttir við þau vinnubrögð sem eiga sér stað þar á bæ og líka við ýmis önnur vinnubrögð sem við erum að fjalla um, ekki bara á vettvangi Orkuveitunnar heldur líka á vettvangi borgarráðs, eins og dæmin sanna. Ég lýsi því yfir að ég er tilbúinn til þess og ég mun taka þátt í þeirri vinnu sem borgarfulltrúi, sem formaður borgarráðs, sem oddviti sjálfstæðismanna í Borgarstjórn Reykjavíkur. Ég tel til dæmis, vegna þess að það hefur mikið verið talað um stöðuumboð borgarstjóra og stöðu stjórnenda þessa fyrirtækis, stöðu stjórnarmanna í REI, samskipti REI og Orkuveitunnar, að þar megi gera miklu betur, það er bara alveg ljóst. Ég óskaði eftir því að fá lista yfir þær framkvæmdir sem REI núna hefur tekið þátt í, er í viðræðum við aðila út um allan heim og ég held ég muni það rétt að það eru 14-15 verkefni út um allan heim þar sem REI hefur ýmist verið að skoða eða við tókum þátt í. Það er í samstarfi við einkaaðila og það er í gegnum Enex sem við eigum núna 26% í, Geysir Green Energy á núna 73-74% og að því er ég best veit hefur óskað eftir því að kaupa okkar hlut í Enex, er kominn þar í algjöra meirihlutaaðstöðu. Það er mál sem við þurfum að taka á sameiginlega, hvernig við viljum afgreiða það. Þetta kom mér svolítið á óvart, kom mér í opna skjöldu hvað okkar ágæta fyrirtæki REI er víða að skoða og athuga. Við t.d. munum bara eftir því núna, held það hafi verið í desember frekar en nóvember, að það var til umfjöllunar í stjórn Orkuveitunnar að heimila – eða alla vega ekki leggjast gegn því – að REI fari í leiðangur til Filippseyja um að kaupa þar hlut í orkuveitu, held það hafi verið á Filippseyjum frekar en í Indónesíu. Það fóru fulltrúar frá REI með vitund stjórnar Orkuveitunnar, ég held að hlutafé í REI hafi verið aukið á þessum tíma, stjórnarformaður Orkuveitunnar getur nú útskýrt það betur, í þeim tilgangi að styrkja hlutafjáreign REI. Það munaði bara mjög litlu á þessum tíma, án þess að beinlínis Orkuveitan væri búin að samþykkja það formlega, án þess að það væri búíð að fjalla um þetta í borgarráði, án þess að það væri búíð að fjalla um þetta í borgarstjórn, að REI hefði skuldbundið sig fyrir 12-14 milljörðum ef það hefði heppnast að kaupa þennan hlut ásamt íslensku fyrirtæki sem tók þátt í þessu með REI. Skuldbundið sig ýmist með lántöku eða framlagi fyrir 12-14 milljörðum. Þetta kom fram á stjórnarfundi Orkuveitunnar og var staðfest í mín eyru af einum stjórnarmanni Orkuveitunnar, að þetta hefði sem sé orðið til þess ef þetta hefði gengið. En þetta gekk ekki, ég segi sem betur fer, vegna þess að tilboð okkar þótti ekki viðunandi, þannig að við duttum út úr þessu alla vega var staðan þá þannig. Þannig að við lentum ekki í að skuldbinda okkur

fyrir 12-14 milljörðum. Þetta vakti ekki mikla athygli í íslenskri blaðaumfjöllun eða fréttuumfjöllun, að þarna munaði mjög litlu að REI hefði skuldbundið sig fyrir 12-14 milljörðum. Þetta er auðvitað eitthvað sem við viljum ekki láta gerast og við erum núna sammála um að við viljum vinna þetta öðruvísi. Ég tel að það komi fram í punkti hér þar sem talað er um að stýrihópurinn leggur til að stjórn Orkuveitunnar skoði sérstaklega umboð stjórnarmanna, hvert sé valdsvið stjórnanda, embættismanna og umboð og jafnframt hvert hlutverk kjörinna fulltrúa sé og með hvaða hætti hægt sé að sinna því og halda því til haga gagnvart kjósendum og aðgangur kjörinna fulltrúa að upplýsingum verði jafnframt bættur, bæði fulltrúa meirihluta og minnihluta. Þetta er svona helsta grundvallaratriðið í þessum punktum að við reynum að gera þetta. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að vinna þetta hratt, við eigum að fara í þetta núna strax, enda er í undirbúningi að láta gera það, láta vinna þetta.

Það er mikið talað um stöðuumboð borgarstjóra. Stöðuumboð borgarstjóra hefur aldrei fyrr verið dregið í efa. Það er ekkert óeðlilegt að Umboðsmaður Alþingis velti þessu fyrir sér. Lögfræðingum greinir á um þetta hvort að stöðuumboð borgarstjóra sé til staðar, hafi verið til staðar í þessu máli. Það er reyndar ekki verið að tala um önnur eldri mál þar sem mætti út af fyrir sig velja fyrir sér hvort að stöðuumboð borgarstjóra þess vegna hafi verið til staðar. En um þetta eru ekki til neinar skýrar eða ákveðnar reglur. Þess vegna er það okkar að setja reglur um það hvernig við viljum sjá þetta. Það er auðvitað nauðsynlegt fyrir borgarstjóra, sama hvaða nafni hann heitir, að hann hafi það alveg skýrt og klárt, hversu langt hans stöðuumboð nær en á þetta hefur ekki reynt. Það er auðvitað hægt að koma eftir á og segja: Ja, við teljum að borgarstjóri hafi ekki haft stöðuumboð – segja sumir. Aðrir lögfræðingar segja: Við teljum að borgarstjóri hafi haft stöðuumboð. Alveg eins og lögfræðinga greinir á um það hvort fundurinn hafi verið lögmætur eða ekki. Reyndar dálítið leitt að það skyldi ekki fást úr því skorið af dómstólum hvort að fundurinn hafi verið lögmætur. Ég tel að það hefði verið mjög mikilvægt fyrir okkur að fá úr því skorið. En eins og við þekkjum þá var það mál nánast dregið til baka eða fellt niður, þannig að dómstólar fengu aldrei tækifæri til að úrskurða um það hvort fundurinn hafi verið lögmætur. Það þarf að skýra auðvitað tengsl REI sem er dótturfyrirtæki Orkuveitunnar við stjórn Orkuveitunnar. Hvaða mál getur REI sjálft afgreitt og unnið að? Hvaða mál þarf REI að bera undir stjórn

Orkuveitu Reykjavíkur? Hvaða mál þarf þá stjórn Orkuveitunnar að bera undir borgarráð og borgarstjórn? Þetta er ekki bara eina fyrirtækið. Ég held að við þurfum líka svoltið að velta fyrir okkur í hvaða stöðu við erum t.d. gagnvart Strætó og Sorpu. Þar er verið að taka ákvarðanir og við kannski höfum því miður ekki fylgst nægilega vel með því. Þetta hefur svoltið svona siglt frá okkur. Við erum ekki jafnmikið inn í málefnum Strætó eins og við vorum þegar Strætó átti undir stjórnslu Reykjavíkurborgar algjörlega. En þetta á sem sé ekki bara við Orkuveituna, þetta á við okkar fyrirtæki sem eru fleiri en eitt, fleiri en tvö og fleiri en þrjú, hvernig stjórnslu við viljum ástunda þar. Það var t.d. verið að samþykkja það, ég var að heyra það í dag á undirbúningsfundi borgarráðs, að þá er komið upp svona ákveðin kergja hjá félögum okkar í nágrannasveitarfélögunum yfir því að við skyldum hafa samþykkt í borgarráði og samstaða var um það, að innri endurskoðandi fengi umboð til þess að gera úttekt á rekstri Strætó, rekstri Sorpu, með sama hætti og hann hefur heimild til að gera úttekt á sviðum og stofnunum. Þetta er greinilega ekkert auðleyst mál vegna þess að það er ekki enn búið að leysa úr þessu, það er ekki enn búið að afgreiða þetta, hvorki í stjórn Sorpu og ég held ekki í stjórn Strætó, hvort að stjórnir þessarar fyrirtækja samþykki það að innri endurskoðandi fái þessa heimild. Þannig að við erum svona svoltið að sleppa þessu frá okkur. En síðan ef að reksturinn fer fram úr áætlun þá er auðvitað reikningurinn sendur til okkur og við vorum núna, sveitarfélögin, á síðasta ári að samþykkja að borga uppsafnaðan halla upp á held ég 550 milljónir. Því miður heldur hallarekstur Strætó áfram og við erum sem sé ekki nægjanlega upplýst um það hvað er raunverulega að gerast og auðvitað getur fulltrúi okkar fengið allar þessar upplýsingar. En okkar sérfræðingur sem er í þessum málum, innri endurskoðandi, það er ekkert beinlínis verið að fagna því með lófataki í þessum stjórnnum að hann taki þetta verkefni að sér. Ég nefni þetta svona.

En eins og ég segi, ég er mjög ánægður með þetta og ég mun beita mér fyrir því ásamt borgarstjóra og meirihlutanum í heild sinni og þess vegna minnihlutanum, að það sem ekki er þegar búið að gera, að það verði unnið hratt og vel. Við höfum lýst því yfir sjálf og það þarf ekki Umboðsmann til þess, að við viljum skilgreina stöðuumboð borgarstjóra, umboð stjórnarmanna okkar í stjórn Orkuveitunnar, umboð stjórnarmanna okkar í stjórn REI, þannig að það sé alveg á tæru hversu langt það gengur hverju sinni.

Það er talað um hagsmuni almennings og hagsmuni Orkuveitunnar. Ég er alveg sannfærður um það að þeir stjórnarmenn, sama í hvaða flokki og sama hvaðan þeir komu, að þegar þeir greiddu atkvæði með samruna þá töldu þeir sig örugglega vera að gæta hagsmuna Orkuveitu Reykjavíkur, því það liggur alveg skýrt og klárt fyrir að hagsmunir Orkuveitunnar hafa ekki verið skaðaðir, né efnahagur Orkuveitu Reykjavíkur. Mönnum getur auðvitað greint á um það, ef samkomulagið hefði gengið í gildi, hvort að svo hefði orðið. En það liggja engar skýrslur eða rannsóknir fyrir um það að þá hefði Orkuveitan skaðast. Sumir segja að þessi samningur til 20 ára hefði hugsanlega geta gert það. Aðrir segja hugsanlega ekki. Svo eru menn byrjaðir að tala um sekt, allir séu samsekir og það er talað um að einhverjir séu sekir. Bíddu, hvers konar orðaval er þetta? Menn eru sekir ef þeir brjóta af sér, ef þeir brjóta lög eða reglur þannig að það sé hægt að sýna fram á það með skýrum hætti. Menn eru sekir ef þeir hygla sjálfum sér, draga að sér fé og hvaðeina sem getur gerst í opinberri stjórnsýslu. Ég veit ekki til þess að nokkur aðili sem hefur komið að þessu máli, sama hvað hann heitir, stjórnarmenn í REI eða stjórnarmenn í Orkuveitunni eða aðrir, að þeir hafi gerst sekir um neitt slíkt. Mér er ekki kunnugt um það. Ef einhver hérna vill benda á það þá gerir hann það. En það hefur ekki nokkurn tímann komið fram. Aldrei.

Auðvitað hefur stundum í þessum máli verið talað mjög óvarlega og það fléttast inn í þetta auðvitað svona fagleg umræða sem er mikilvæg í þessu máli og síðan pólitísk umræða. Sá sem hér stendur hefur aldeilis orðið fyrir bardinu á því. Ég óska ykkur ekki þess að lenda í slíku eða ykkar fjölskyldum. En pólitíkin er hörð og sem betur fer er það svo að ef maður hefur góða samvisku þá bognar maður ekki né brotnar. Ef maður hefur slæma samvisku þá er mikil hætta á því að maður ýmist bogni eða brotni.

En nú vil ég líta til framtíðar og ef þið viljið gera það, minnihlutinn, í góðu samstarfi við meirihlutann í þessu máli, þá skulum við gera það og vinna saman að því að þessar tillögur sem að hér eru kynntar að þær verði allar að veruleika. Það er þessi faglega vinna. Ég stjórna ekki pólitískri umræðu og við gerum það svo sem ekkert okkar, þótt að menn reyni svona eftir einstaklingsbundinni getu að gera það með einum eða öðrum hætti. En hérna liggur fyrir verkefni sem við þurfum að taka á og ef menn meina það af heilum hug að við ætlum að vinna saman að þessu, þá er ég tilbúinn til þess að leggja mitt af mörkum, eins vel og ég mögulega get.

Það þarf líka, eins og hér hefur komið fram, að endurskoða lagaumhverfið. Það þarf að gera það alltaf öðru hvoru að endurskoða lagaumhverfið, hvort sem það er Orkuveitan eða einhver önnur fyrirtæki. Það er talað um að hún lúti reglum opinbers reksturs. Við skulum bara setjast niður og fara yfir það hvað það þýðir nákvæmlega. Ég hef stundum velt því fyrir mér hvað það myndi þýða t.d. gagnvart raforkugeiranum sem nú er kominn í samkeppni sem er einn stærsti hluti af kjarnastarfsemi Orkuveitunnar. Ég veit það ekki nákvæmlega en við skulum bara fara yfir það. Við getum gert það sem við teljum skynsamlegast að gera. Við stjórnnum því, það stjórna því engir aðrir. Ég er tilbúinn að skoða það.

Síðan varðandi traust og ekki traust þá veit ég alveg nákvæmlega hvar ég stand, bara af því ég var spurður sérstaklega um það, án þess að það komi beinlínis þessu máli við þegar litið er til framtíðar, kannski hefur einhver áhyggjur af því hér, þá liggur það alveg ljóst fyrir að ég hef fullt traust minna félaga til þess að taka þátt í þessari vinnu, enda held ég að það sé mjög mikilvægt að ég sem oddviti Sjálfstæðisflokksins og formaður borgarráðs taki þátt í þessari vinnu af heilum hug, ég held það sé mjög mikilvægt.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég verð að segja að ég er nokkuð hugsi eftir umræðu kvöldsins um þetta ágæta mál. Hér hefur öllum ræðumönnum verið býsna tíðrætt um það að draga af þessu lærdóma. Mér fannst borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson skauta hvað léttast þar sem hann hnarreistur fann vinnubrögðum og vinnulagi þessa brautryðjendastarfs í stýrihópnum allt til foráttu, eins og hann hefur raunar aðeins gert áður á opinberum vettvangi í ýmsum fréttum, þar sem hann sagði það skýrt fyrir sína parta að það væri fagnaðarefni að stjórn Orkuveitunnar undir hans forystu, þó hann hafi raunar ekki verið stjórnarformaður þá heldur bara stjórnarmaður Sjálfstæðisflokksins, ætlaði sér að fara ofan í allt málið og fá öll gögn. Hér er þessi snotra frétt sem birtist um þetta. Og svei mér þá ef að manni líði ekki bara nokkurn veginn þannig eins og Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi sé ennþá ofan í málinu, vegna þess að það hefur ekkert komið út úr þessari skoðun hans, þó að hann hafi sérstaklega tiltekið það sem skyldu hjá sér sem stjórnarmanni að fara algjörlega ofan í þetta mál og kynna þær niðurstöður sínar. Látum þetta vera. Verra fannst mér að hann skyldi ekki rifja það upp í sínu máli að fyrrihlutinn af niðurstöðum stýrihópsins og stór hluti af því sem hann taldi upp sem verkefninu var skilað sem áfangaskýrslu, nefnilega því að samrunanum var hafnað og stórum hluta af upphaflegu verkefni sem stýrihópurinn komst að raunum að, félli illa að skipan hans, þ.e.a.s. óhlutdrægri úttekt á málinu, þ.e.a.s. stjórnsýsluendurskoðun félli illa að verkefni eða skipan stýrihópsins, að hún var falin innri endurskoðun. Þessu þarf einfaldlega að halda til haga sem þessum áfanga.

Númer tvö – þá finnst mér eftir ræðu oddvita Sjálfstæðisflokksins, Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, ennþá áleitnari þær spurningar sem að formaður stýrihópsins setti hér fram fyrr í kvöld, þ.e.a.s. hvað fannst oddvita Sjálfstæðisflokksins ámælisvert í eigin framgöngu í málinu? Á hverju vill hann biðjast afsökunar? Af hverju ætlar hann að læra? Vegna þess að ég gat bara ekki betur heyrt en að í ræðu hans hér áðan, væri hann u.þ.b. tilbúinn að skrifa upp á málið nákvæmlega eins og það lá fyrir, líka með 20 ára einkaréttarsamningnum og ég veit ekki hvað. Það er mér algjörlega hulið hvað oddviti Sjálfstæðisflokksins, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, hafði lært af þessu máli.

Þó er þriðji punkturinn kannski sá sem að ég er mest hugsi yfir, þ.e.a.s. að því fer svo víðsjarri að hér sé verið að halda mest krassandi ræðurnar yfir þessu máli sem hér hafa verið haldnar á þessum vetri, með leyfi forseta:

„Ég tel að stjórn Orkuveitunnar hafi tekið ákvörðun sem var illa ígrunduð, illa kynnt og ekki með nokkrum hætti borin fram, eins og ákvörðun á vettvangi eðlilegrar stjórnsýslu á að vera borin fram.“ Hanna Birna Kristjánsdóttir, 16. október 2007. Sama Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi segir:

„Þrátt fyrir að við værum á tímabili og það er ekki ofsagt og það þarf ekki að ræða það oft, við vorum ósátt við vinnubrögð oddvita okkar. Við gátum ekki tekið þátt í að afgreiða stóra hagsmuni fyrir borgarbúa án þess að fá til þess nein haldbær rök. Við gátum það ekki og eigum ekki að gera það sem kjörnir fulltrúar. Sem kjörnir fulltrúar, mun alla vega ég, sú sem hér stendur, aldrei styðja vinnubrögð af því tagi sem einkenndu þetta mál. Ég mun aldrei styðja laumuspil af því tagi sem hér var gert og ég mun aldrei sitja í meirihluta bara til þess að sitja í meirihluta þar sem höndlað er með milljarðahagsmuni á kostnað almennings. Ég segi: slík stjórn málmál vil ég ekki stunda, mun ekki stunda, fer út úr meirihluta ef þarf að tryggja það að á málinu sé rétt haldið, en undrast enn og aftur, hæstvirtur borgarstjóri, að menn skuli í íslenskri pólitík leyfa sér að nota ástæðu sem er allt, allt, allt önnur en sú sem hún raunverulega var.“ Hanna Birna Kristjánsdóttir, 16. október 2007.

Sama Hanna Birna Kristjánsdóttir og af fullum heilindum hefur tekið þátt í starfi þessa stýrihóps og skrifað undir niðurstöður hans ásamt Gísla Marteini Baldurssyni, Óskari Bergssyni, Sigrúnu Elsu Smáradóttur og formanni stýrihópsins, Svandísi Svavarsdóttur.

Hver eru þá stóru tíðindin í þessari skýrslu? Það eru jú ýmsar tillögur sem mikilvægt er að sátt náðist um. Ýmsir lærdómar og frekari vinna sem er mikilvægt að verði farið í af fullum heilindum. En stóru tíðindin í REI-skýrslunni eru engu að síður þau – og mér finnst satt best að segja típlað nokkuð í kringum það hér – að fulltrúar allra flokka skrifuðu undir áfellingisdóm yfir þeim vinnubrögðum sem viðhöfð voru í haust. Fulltrúar allra flokka skrifuðu líka undir að framganga Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, fyrrverandi borgarstjóra, væri óverjandi. Þessum meginstaðreyndum má segja að hafi verið valið þenna orðalag en umræður um orðalag skýrslunnar mega ekki og geta ekki yfirskyggt þennan kjarna málsins. Þessi þverpólitíska niðurstaða er mjög merkileg og hún er formanni stýrihópsins til hróss en líka kjark þeirra sem undir þetta skrifuðu á þeim tímamarki.

Viðbrögð Sjálfstæðisflokksins og eftirleikurinn, bæði Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarfulltrúa en líka sexmenninganna og borgarstjórnarflokksin, hljóta hins vegar að vekja áleitnar spurningar. Þar ætlar enginn að axla ábyrgð. Í mínum huga segir það þó minnst um þessa skýrslu en mest um plagsið í íslenskri pólitík. Ef sambærileg skýrsla hefði verið birt í einhverju nágrannalanda okkar hefði ekki þurft að spyrja að leikslokum og jafnvel þegar ekki þarf lengur að deila um þessar staðreyndir þá hvarflar ekki að Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni eða borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins að það eigi að hafa nokkrar pólitískar afleiðingar, þ.e.a.s. aðrar en þær að Haukur Leósson, þáverandi stjórnarformaður Orkuveitunnar, tók pokann sinn vegna þeirra ákvörðunar. Hann naut ekki lengur trausts. Ég vil þess vegna bæta við spurningar Svandísar Svavarsdóttur til Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarfulltrúa – hvers vegna tók Haukur Leósson pokann sinn? Hvað var það í hans framgöngu sem leiddi til þess að hann átti að víkja af vettvangi? Hvað var það sem hann bar ekki undir sína yfirboðara, borgarstjórnann í Reykjavík.

Ég held raunar að það sem hafi ruglað fólk mest í ríminu í borginni undanfarnar vikur, er að tveir þeirra sem skrifuðu undir skýrsluna voru nýbúnir að klappa sama Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssoni borgarfulltrúa upp sem næsta borgarstjóra í Reykjavík – af hálfum hug þó, að því er virðist. Eða getur verið að á frægum fundi í Valhöll hafi borgarfulltrúarnir gert félögum sínum grein fyrir því að hann mundi ekki njóta stuðnings til þess að verða þessi næsti borgarstjóri í Reykjavík? Eða hvernig er þetta allt saman? Er kominn einhver botn eða niðurstaða í þetta mál? Eða er Sjálfstæðisflokkurinn enn að draga sína pólitísku lærdóma af REI-málinu? Ég kem þessu ekki heim og saman, þó að vissulega hafi ég tekið eftir því að eftir Valhallarfundinn hægt og rólega, þá hafa borgarfulltrúarnir hver eftir öðrum í innbyrðis valdabaráttu sinni um hver eigi að fylla stól Vilhjálms, gefið út stuðningsyfirlýsingar við hann. Er það vegna valdabaráttunnar? Eða er það af sömu heilindum og þátttaka þeirra í stýrihópnum markaðist af og undirskrift þeirra við skýrsluna? Ástæðan fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn og út af fyrir sig Ólafur F. Magnússon borgarstjóri hafa ekki verið til viðtals í fjölmiðlum um þetta mál, held ég að sé vegna þess að þeir hafa átt erfitt með að svara þeirri lykilspurningu hvernig það er verjandi að höfuðpaurinn í REI-málinu verði valinn til æðstu virðingastöðu í borgarpólitíkinni innan skamms. Nú er það raunar eftir Valhallarfundinn orðið aðeins óljóst. En ég heyrði ekki betur á Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni borgarfulltrúa hér áðan en að hann teldi sig alþúinn til þess og hefði

stuðning til þess í sínum hópi að taka ákvörðun um það raunar bara strax í dag að verða borgarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins, eins og hann var á Kjarvalsstöðum þegar þessi meirihluti var myndaður og eins og hann var fram að Valhallarfundinum fræga. Mér sýnist á öllu að fyrir utan leyndina, pukrið og offorsið sem dregið er fram í skýrslunni er ljóst að borgarstjóri hafi farið fram án umboðs, misfarið með vald og umgengist eigur almennings af ábyrgðarleysi. Ég hef raunar fundið ræður samherja hans sem fjalla um alla þessa punkta, hvern og einn einasta frá þessum vetri. Umboðsleysið snýst ekki aðeins um hið lagalega sem mest hefur verið til umræðu heldur ekki síður pólitískt umboð. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri hafði engan í sínum hópi með í þessum ákvörðunum og 5. nóvember 2007 er haft eftir Gísla Marteini Baldurssyni borgarfulltrúa í Morgunblaðinu: „Við höfum þegar gert ein mistök með því að ráðast út í eitthvað án þess að fyrir því hafi verið pólitískur vilji innan borgarstjórnar og án þess að skýrt umboð hafi legið fyrir frá borgarstjórn eða borgarráði.“ Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi er með þessum hætti að svara Umboðsmanni Alþingis sem nú hefur spurt: Mátti borgarstjóri eða hefði hann mátt vita að hann hefði ekki stuðning meirihluta borgarstjórnar á bak við sig á eigendafundinum 3. október?

Ég fæ heldur ekki betur séð en að oddviti Sjálfstæðisflokksins hafi orðið tvísaga í fjölmiðlum um þrjú meginatriði málsins, vitneskju sína um kaupréttarsamninga, vitneskju sína um einkaréttarsamninga og við hvern, ef einhvern, hann hafi ráðfært sig um umboð sitt til að staðfesta ákvarðanir á eigendafundi Orkuveitunnar? Allt eru þetta atriði sem að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi á eftir að skýra betur út hér í borgarstjórn og á opinberum vettvangi, eins og hann hefur án efa í hyggju að gera. En ég get ekki fundið, þó ég hafi nú farið yfir nánast alla fjölmiðlaumfjöllun um þetta mál og allar ræður hér í borgarstjórn, fundið að hann hafi gert grein fyrir því hvar mistök hans lágu, á hverju hann hefur beðist afsökunar, því mér sýnist á öllu að orðalag hans í slíkum atriðum hafi meira eða minna, á opinberum vettvangi alla vega, verið það sama og hér í kvöld: ‘Ég hef farið yfir þetta mál, margoft og ítarlega í mínum hópi og beðist afsökunar á því.’ Til þess að læra af REI-málinu þarf þetta að liggja fyrir: Hvað var að? Á hverju þarf að biðjast afsökunar? Er ástæða til þess að einhver eða einhverjir, eins og borgarstjóri Ólafur F. Magnússon komst að orði þegar REI-skýrslan lá fyrir, axli ábyrgð? Þá var það líklegt og sú spurning vaknar: Er það ólíklegt nú?

Bstj. 4. mars 2008

**Forseti:** Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Kjartan Magnússon:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það hefur verið fróðlegt að hlusta á umræðuna hér í kvöld um REI-málið svonefnda og skýrslu stýrihópsins. Þrátt fyrir að hér hafi mörg orð fallið og menn tali um þetta mál með mjög gagnrýnum hætti, þá hef ég reynt að hlusta eftir ákveðnum samhljómi og mér heyrir flestir tala af yfirvegun um þetta mál og velti því fyrir sér hvaða lærdóm sé hægt að draga af því, til þess að við getum enn frekar styrkt og bætt okkar störf í borgarstjórninni. Mér finnst flestir hér í kvöld hafa talað á þá lund að þau tækifæri felist í þessu máli að við getum notað þetta í framtíðinni til þess að bæta okkar starf í þágu borgaranna og menn séu nokkuð einbeittir að vilja gera það.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að fara yfir skýrslu stýrihópsins, það er búið að gera það hér með ágætum hætti og auðvitað eru menn ekki alveg sammála. Eins og hefur komið vel fram í máli Svandísar Svavarsdóttur borgarfulltrúa þá er þetta pólitísk skýrsla og ef hún ætti að samþykkjast einróma, eins og Svandís lagði sig fram um að yrði gert, þá þurfti að beita hér af miklum móð list málamíðlana til þess að ná þessari skýrslu saman, þannig að menn geti staðið saman að henni. Þess vegna er ekkert óeðlilegt að menn noti tækifærið hér í kvöld og komi því að í sínum ræðum sem þeir hefðu kannski viljað að stæði í skýrslunni eða kannski hnýta í það sem þeir vildu að stæði ekki í henni.

En þótt okkur finnst það ótrúlegt þá er margt sem lýst er í þessari skýrslu sem tilheyrir fortíðinni. Við stjórnámamenn erum alltaf að tala og hugsa um framtíðina býst ég við. Ég ætla að fjalla örlítið um niðurstöður skýrslunnar og tillögurnar sem eru í henni og hvernig þeim er svona vísað inn í framtíðina. Ég held að við sem sitjum saman í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur munum hafa þessa skýrslu mjög til hliðsjónar í okkar störfum. Það að það náðist samstaða um þessa skýrslu og þessar tillögur ætti að vera okkur ákveðið leiðarljós. Um leið og ákveðin atriði í þessari skýrslu hljóta að vera okkur öllum til varnaðar, þá hljótum við að líta á þessar tillögur sem svona leiðarljós inn í framtíðina. Ég ætla hér aðeins að renna yfir tillögurnar og fjalla stuttlega með hvaða hætti við í stjórn Orkuveitunnar höfum unnið með þær í okkar vinnu og munum gera áfram.

Mér þykir ekki óeðlilegt að í framhaldinu verði hér opnari og jafnvel tíðari umræða um málefni Orkuveitu Reykjavíkur. Eins og menn muna var hart tekist á um það á síðasta kjörtímabili að hve miklu leyti þessi umræða ætti hér heima. Það voru minnihluti og meirihluti á þessum tíma alls ekki sammála um. Við í þáverandi minnihluta töldum oft vera tilefni til þess að koma umræðunni hingað inn í borgarstjórn. Það voru sumir borgarfulltrúar, þó ekki allir, í þáverandi meirihluta sem streittust mjög á móti og töldu að alla jafna ætti ekki að fjalla mjög mikið um þetta fyrirtæki í sölum borgarstjórnar, kannski við ákveðin tækifæri og létu þá skoðun sína mjög í ljós. Við getum litið á að það hafi verið ákveðið tilraunaskið, ég held að það sé kannski runninn upp sá tími að menn átti sig á því að það sé að mörgu leyti hollt fyrir okkur borgarfulltrúa að fylgjast með Orkuveitunni og öðrum fyrirtækjum okkar og eigum í rauninni ekkert að kveinka okkur undan því að það sé fjallað um þau hér í borgarstjórn, en að sjálfsögðu þarf þessi umræða að vera á málefnalegum grundvelli, eins og eðlilegt er.

Eins og kemur hér fram í tillögunum þá segir hér að nýrri stjórn Orkuveitunnar ásamt fulltrúum eigenda verði falið að vinna að tillögum um frekari framtíðarstefnumótun fyrir Orkuveitu Reykjavíkur í anda þeirrar skýrslu sem hér er lögð fram og þær tillögur hljóta svo að koma til meðferðar í þeim sveitarstjórnnum sem í hlut eiga. Ég get lýst því hér að það er þegar unnið að þessu máli í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur í mikilli sátt. Það hafa verið samþykktar tillögur um slíka framtíðarstefnumótun og við getum í raun sagt að þessi vinna sé í raun þegar hafin að einhverju leyti með kynningarfundum sem hafnir eru um málefni Orkuveitunnar, sem er auðvitað grundvöllur slíkrar vinnu og í rauninni bara samtölum manna á milli. En það eru ekki bara stjórnarmenn í Orkuveitunni sem munu taka þátt í þessari vinnu, ég lít svo á að það sé rétt að gefa öllum borgarfulltrúum kost á að koma með einhverjum hætti að þeirri vinnu, sem og starfsmönnum fyrirtækisins og fleirum og þeim sveitarstjórnnum sem í hlut eiga, þ.e.a.s. bæði sveitarstjórnnum sem eru eigendur að Orkuveitunni og jafnvel öðrum sveitarstjórnnum í landinu sem eru á þjónustusvæði Orkuveitunnar.

Stýrihópurinn telur að Orkuveitan eigi áfram að vera í 100% eigu sveitarfélaganna. Það þarf í sjálfu sér ekki að dvelja lengi við þetta atriði.

Í vinnu stýrihópsins hefur komið fram að Orkuveitan er ýmist talin starfa á sviði einkaréttar eða sviði opinberrar stjórnarsýslu og stýrihópurinn fjallar aðeins um þetta og kemur síðan með þarfatillögu: „Hópurinn leggur því til að í samvinnu Orkuveitunnar og eigenda verði farið yfir lagaumhverfi fyrirtækisins, samstarfssamning [ég geri ráð fyrir að þarna hafi átt að standa sameignarsamning] og starfsreglur stjórnar og stjórnenda sem gilda um ákvarðanatöku og rekstur Orkuveitunnar verði tekinn til skoðunar.“ Þetta er hluti af stefnumótuninni. Það er rétt að það er mikil þörf á að fara yfir allt þetta lagaumhverfi og það sé alveg ljóst hvar fyrirtækið stendur í þessu tilliti.

Síðan segir frá því að það sé ljóst að Orkuveitan verði að starfa fyrir kjörna fulltrúa, embættismenn og lúta pólitískum vilja og lýðræðislegum ákvörðunum. Áhöld eru um hvort Orkuveitan hafi þróast of langt frá eigendum og eigin forsendum.

Síðan er hér fjallað um fundargerðir og Svandís Svavarsdóttir borgarfulltrúi kom inn á þetta áðan. Ég átta mig alveg á því, ég segi það sem stjórnarformaður, ég veit að það er skoðun hjá ýmsum að Orkuveitan hafi þróast of langt frá eigendum. Ég held að við þurfum með ákveðnum hætti sem þegar hafa verið lögð drög að að færa þetta nær sínum eigendum. Varðandi fundargerðir Orkuveitunnar, eins og Svandís kom inn á áðan, þá er þegar búið að gera þær opinberar, þær eru á heimasíðu fyrirtækisins. Ég held að það sé stórt skref í þá átt að opna fyrirtækið og það er líka rétt að það er skref í rétta átt að senda þær borgar- og bæjarráðum til upplýsingar og umfjöllunar eftir atvikum.

Síðan kemur að REI sem er auðvitað stórt mál í þessu tilliti. Stýrihópurinn telur eðlilegt að REI verði áfram rekið með það hlutverk að sinna þróunar- og fjárfestingarverkefnum á erlendri grund og það verði í 100% eigu Orkuveitunnar. Fyrirtækið taki þátt í verkefnum erlendis eitt og sér eða með öðrum hætti samkvæmt ákvörðun stjórnar REI og Orkuveitunnar hverju sinni. Hópurinn leggur jafnframt áherslu á að lýðræðislegt aðhald verði tryggt í stjórn REI. Það er auðvitað mjög mikilvægt að það sé vandað til verka varðandi starf REI. Ég hef lagt áherslu á að við reynum að ná sátt um það hvernig við skipum málefnum fyrirtækisins. Ég veit ekki hvort við náum sátt um öll mál en ég mun að minnsta kosti leggja mitt af mörkum til þess að það verði unnt. Það er alveg ljóst að verk

REI á næstunni að minnsta kosti, koma mjög til umfjöllunar í stjórn Orkuveitunnar og stjórnarmenn í Orkuveitunni þurfa að leggja sig fram við að kynna sér grundvöll REI, hvaða verkefni það er að fara út í og hverju það mun sinna, fylgjast mjög með því. Þess vegna töldum við meirihlutinn í stjórn Orkuveitunnar rétt að fyrst um sinn að minnsta kosti þá yrði stjórn REI skipuð stjórnarmönnum í Orkuveitunni og það var í síðustu viku skipað í þriggja manna stjórn REI, eins og kunnugt er. Það hefur yfirleitt ekki verið þannig, svo mér sé kunnugt, að í dótturfyrirtækjum Orkuveitunnar þá séu fulltrúar bæði frá meirihluta og minnihluta, en eins og hefur komið fram í fréttum þá stendur minnihlutanum til boða að tilnefna sinn fulltrúa í stjórn REI og mun örugglega nýta sér hann, býst ég við.

En REI er svolítið stórt mál og það má hafa um það mörg orð. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi fór áðan yfir málefni fyrirtækisins og ég ætla í sjálfu sér ekki að bæta miklu við það hér en hvet borgarfulltrúa til að skiptast á skoðunum við mig um það mál, því að ég legg áherslu á málefni REI eins og í öðrum málum sem snerta Orkuveituna að það verði sem víðtækast samráð og ég mun ekki láta mitt eftir liggja ef unnt er að ná sáttarniðurstöðu um það, eins og ég vona að náist í öðrum málum sem snerta Orkuveituna.

Klásúlan um að stýrihópurinn leggi til að stjórn Orkuveitunnar skoða sérstaklega umboð stjórnarmanna, hvert sé valdsvið stjórnenda, embættismanna og umboð og hvert sé hlutverk kjörinna fulltrúa og fleira. Þetta get ég sagt með sanni að er þegar komið í skoðun. Aðgangur kjörinna fulltrúa að upplýsingum verður jafnframt bættur, bæði fulltrúa meirihluta og minnihluta. Þetta lít ég svo á að sé stórt atriði. Í mörg ár hefur verið kvartað yfir þessu í stjórn Orkuveitunnar, mjög mikið var kvartað yfir þessu á síðasta kjörtímabili og auðvitað þessu kjörtímabili líka. Þannig að ég held að þetta séu mál sem við verðum að hafa í góðu lagi. Og að minnsta kosti fram að þessu síðan hin nýkjörna stjórn tók við þá held ég að hafi ekki verið kvartað yfir þessu og ég mun leggja mig í líma við að tryggja gott upplýsingaflæði til stjórnarmanna.

Svandís Svavarsdóttir borgarfulltrúi fór líka yfir það áðan hér að stýrihópurinn væri sammála um að í ferlinu hefði orðið trúnaðarbrestur milli æðstu stjórnenda REI og Orkuveitunnar annars vegar og ákveðinna borgarfulltrúa hins vegar. Brýnt

er að endurvinna það traust og ég tek heilshugar undir þessi orð í skýrslunni. Það er mjög mikilvægt að stjórnendur í borgarkerfinu og borgarfyrirtækjum átti sig á því að þeir verða að þjóna borgarfulltrúum af mikilli trúmennsku og sína þeim fullan trúnað. Ég virði embættismenn og stjórnendur í borgarstofnunum og borgarfyrirtækjum mjög mikils. Þeir vinna mjög óeigingjarnt starf í þágu borgaranna en þeir verða líka að gera sér það ljóst að þeir eru ... ég lít á þá alla sem okkar samstarfsmenn, okkar sviðsstjóra. Þó við séum pólitíkusar annars vegar og embættismenn eða stjórnendur í fyrirtækjum hins vegar þá erum við öll í sama liðinu. Við erum öll að þjóna borgurinum. Ég vil að þeir líti á okkur, hvort sem við erum borgarfulltrúar í meirihluta eða minnihluta, þá líti þeir á okkur sem sína samstarfsmenn sem þeir geta sýnt trúnað. Ég vil að við lítum á þá sem okkar sviðsstjóra og þeir eigi þá að sýna okkur sama trúnað á móti. Ég tek undir að það þarf að endurvinna þetta traust aftur og mun leggja mig fram um það.

Stýrihópurinn gerir það síðan að lokum að tillögu sinni að skýrslan verði kynnt í helstu stjórnnum og fyrirtækjum borgarinnar ásamt lykilstofnunum og embættismönnum. Ég held að sé mjög hollt að ræða þetta sem víðast í borginni og ekki síst í fyrirtækjum borgarinnar. Ég held að þrátt fyrir að allur þess styr hafi staðið um Orkuveitu Reykjavíkur í vetur, þá held að flestir séu að því að Orkuveitan er mjög gott fyrirtæki, hún sinnir mjög mikilvægri þjónustu. Hún stendur í fremstu röð á mörgum sviðum í rekstri og þjónustu við borgarbúa, eins og við vitum. Hún er að mörgu leyti á heimsmaelikvarða. Það er kannski líka vegna þess að okkur er ekki alveg sama um fyrirtækið. Það er kannski vegna þess sem allar þessar tilfinningar fara í gegn þegar við ræðum um það, vegna þess að við erum svo stolt af þessu fyrirtæki og okkur þykir öllum vænt um það.

En af því hér var komið inn á önnur fyrirtæki þá finnst mér mikilvægt í þessari vinnu að þessi vinna skili okkur einhverjum árangri gagnvart því hvernig við stjórnnum öðrum fyrirtækjum. Eins og við vitum eru B-hluta fyrirtækin allnokkur, ég get nefnt Faxaflóahafnir, Strætó, Félagsbústaði, skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, Sorpu og Slökkviliðið. Það hefur komið í ljós í þessu máli, sem og ýmsum öðrum reyndar, að sterk stjórn fyrirtækja er mjög nauðsynleg. Eins og við vitum eigum við 93,5% í Orkuveitunni. Í sjálfu sér hefur stjórn Reykjavíkurborgar í því fyrirtæki verið nokkuð sterk. Það hefur líka verið sterk

stjórn í Faxaflóahöfnum. Það eru önnur fyrirtæki hins vegar sem ég tel að stjórn borgarinnar hafi ekki verið nógu sterk yfir. Þar nefni ég eitt óskabarn borgarinnar sem er Strætó. Þar eigum við Reykvíkingar 63% en höfum alls ekki áhrif á stjórn fyrirtækisins í samræmi við það, alls ekki. Hið sama má segja um skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins en höfum bara einn stjórnarmann af sex eða sjö. Ég held að í báðum þessum fyrirtækjum höfum við horft upp á erfiðleika sem ég er viss um að hluta til má rekja til þess að stjórn fyrirtækisins hefur ekki verið nógu sterk á síðustu árum og miklir erfiðleikar, ég ætla ekki að fara út í það, það hefur svo sem verið rætt í borgarstjórn mörgum sinnum. En ég held að á sama hátt og við drögum okkar lærdóm af því sem hefur gerst í Orkuveitunni á síðustu mánuðum og jafnvel árum, þá held ég að við þurfum líka að fara í umræðu um önnur fyrirtæki borgarinnar, ræða um það hvernig við munum styrkja fjárhag þeirra. Þess eru dæmi að fyrirtæki eru undirfjármögnuð og við þurfum að ráða bót á því. Við þurfum að taka á lánamálum þessara fyrirtækja. Það er spurning hvort við getum ekki samræmt lánavettvang þeirra með einhverjum hætti, því ég hef grun um það, raunar rökstuddan grun, að sum þessara fyrirtækja sem eru mjög fjárfrek, undirfjármögnuð þurfa á lánum að halda, að þau séu alls ekki að njóta þeirra lánakjara sem þau ættu að njóta miðað við að þau eru borgarfyrirtæki með svona ríka ábyrgð borgarinnar. Kannski er það eitthvað sem við þurfum að velta fyrir okkur og koma fjármálum þessara fyrirtækja í betra horf. Koma kannski lánasýslu þeirra að einhverju leyti undir sama hatt, þannig að við að minnsta kosti tryggjum það að þegar þau eru að sækja sér fé út á markaðinn, þá njóti þau bestu mögulegra lánakjara sem völ er á hverju sinni. Varðandi stjórn þeirra þá er ég t.d. þeirrar skoðunar með stjórn Strætó og skíðasvæðanna, ákveðin óskabörn okkar, að þar ættum við að breyta stjórnarfyrirkomulaginu og færa það nær t.d. Faxaflóahafnamódelinu, þar sem við Reykvíkingar höfum svo sannarlega áhrif í samræmi við okkar eignarhlut en nota bene hleypum öðrum eigendum fyrirtækisins að stjórnarborðinu með allar sínar athugasemdir og nokkur áhrif sem eru þá í samræmi og í raun umfram þeirra eignarhluta.

Þannig að mín lokaorð eru þau að ég fagna þeirri umræðu sem á sér stað hér í kvöld. Ég held að við getum margt af henni lært. Ég á þá ekki bara við hlutina gagnvart Orkuveitu Reykjavíkur heldur kannski ... mörg þessi sjónarmið okkar eru

Bstj. 4. mars 2008

holl þegar við ræðum um hvernig við högum borgarrekstrinum í heild sem og öðrum fyrirtækjum sem borgin á hlut í.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið máli sínu. Þá tekur næst til máls borgarfulltrúi Elínbjörg Magnúsdóttir

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Elínbjörg Magnúsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það er búið að vera mjög athyglisvert að hlusta á þessa umræðu hér um REI-málið og þessa skýrslu stýrihópsins. Það sem hefur vakið athygli mína er að aðeins einn borgarfulltrúi hefur nefnt það, það má segja reyndar að borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hafi gert það þegar hann nefndi hin fyrirtækin sem eru hér í samlagi, að það hefur ákaflega lítið verið talað um það í sambandi við REI-málið og Orkuveituna að þetta er ekki einkaeign Reykvíkinga. Ég var að fara hér yfir þessi gögn og ég sé það hvergi, hvorki í fyrstu áfangaskýrslunni né lokaskýrslunni að erindisbréfinu hafi verið fullnægt. Því langar mig að spyrja og ég beini því til formanns – var leitað álits annarra eigenda Orkuveitunnar og hvar kemur það þá fram í þessari skýrslu, álit þeirra? Það er talað um það hér hverjir voru boðaðir á fundi. Í erindisbréfinu er sagt að þetta er einhver hópur sem er stofnaður hér í Reykjavík og ég heyrði gagnrýni á fjölmiðlum, maður heyrir það þegar maður hlustar á útvarp og sjónvarp, frá öðrum eigendum að þeir hefðu ekki verið spurðir álits um það þegar hópurinn var stofnaður. Allt í góðu með það en það stendur hér þegar farið er yfir hverjir eigi fulltrúa í þessu: „Þá verður einnig haft samráð við sveitarfélög á starfssvæði Hitaveitu Suðurnesja og dótturfélögin eiga, og jafnframt verði kallað eftir sjónarmiðum fulltrúa annarra eigenda.“ Þ.e.a.s. Akraness og Borgarbyggðar og ég vil fá að sjá í skýrslunni hver er þeirra skoðun á þessu máli og hvar kemur það fram. Ég gat ekki séð það í gögnunum að það væri tiltekið.

Síðan er hér talað um hverjir voru kallaðir fyrir og mér leikur forvitni á að vita – var haft samband við þáverandi stjórnarformann Orkuveitunnar sem var Haukur Leósson? Var hann kallaður fyrir nefndina? Og var kallaður fyrir stjórnarformaður REI? Jú, á fundinn hafði komið Bjarni Ármannsson í fyrri tillögunni. En mig langar að vita – var kallað á Hauk Leósson og ég vil fá skýringar á því hver er aðkoma annarra eigenda Orkuveitunnar að þessu?

**Forseti:** Borgarfulltrúi Elínbjörg Magnúsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá veitir andsvar borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir sem reyndar er búin að nýta þann rétt

Bstj. 4. mars 2008

Þannig að hún ... já, Svandís Svavarsdóttir mun fara yfir þessar spurningar í ræðu sinni við lok þessarar umræðu. En þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Borgarstjóri, Ólafur F. Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Hér var áðan beint þeirri spurningu til mín hvort ég teldi að borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson sem þáverandi borgarstjóri hefði gert eitthvað rangt í áðurnefndu REI-máli. Hann hefur að verulegu leyti svarað því sjálfur. Hann hefur viðurkennt að hann hafi gert mistök og beðist afsökunar á þeim. En ég tel það ekki í mínum verkahring að dæma það hvort borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hafi gert rangt í þessu máli. Ég vil líka benda fyrirspyrjendum á það að meirihlutasamstarf F-lista og Sjálfstæðisflokks er ekki grundvallað einungis á persónulegum samskiptum manna eða eins og því hefur verið haldið fram að þetta væri privat samningur okkar borgarfulltrúanna Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar heldur er meirihlutasamstarfið grundvallað á þeim málefnasamningi sem var undirritaður af mér og sjö borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins mánudaginn 21. janúar sl.

Það er spurt mikið um traust og fer vel á því að heyra þetta orð svona mikið uppi hér því að í umræðunni hér fyrir í dag um þriggja ára fjárhagsáætlun þá kom orðið vantraust mjög oft upp og því var aðallega beint til undirritaðs af þeim sem starfa í minnihlutanum miðað við umræðuna eins og hún var í dag. En það vekur sérstaka athygli mína í niðurstöðu og umræðu REI-málsins að allt frá því að meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sprakk í októbermánuði sl., að manni finnst hvernig fjallað er um málið bera svólítinn vott um einhvers konar pólitíska samtryggingu af því að það eru flestir borgarfulltrúar spyrtil við þetta mál eða sakaðir um eitthvað, jafnvel þeir sem ekkert hafa komið að því. Það vekur á sama hátt sérstaka athygli mína að einn þeirra borgarfulltrúa sem átti mesta aðkomu að þessu máli sem var borgarfulltrúi Björn Ingi Hrafnsson virðist hafa algjörlega orðið stikkfrí í málinu við að fara í meirihlutasamstarf með Svandísi Svavarsdóttur og fleiri borgarfulltrúum, meirihlutasamstarf sem ég kom inn í á síðari stigum og kynntist því vel. Á sama hátt og ég skynjaði traust og samstarfsvilja í minn garð af hálfu Dags B. Eggertssonar, fyrrverandi borgarstjóra, þá skynjaði ég minni samstarfsvilja af hálfu borgarfulltrúa Svandísar Svavarsdóttur, engan samstarfsvilja af hálfu borgarfulltrúa Björns Inga Hrafnssonar og minni en engan samstarfsvilja af hálfu varaborgarfulltrúa míns Margrétar Sverrisdóttur sem brást

mjög hart við endurkomu minni í Borgarstjórn Reykjavíkur. Það ríkti ekki eðlileg einlægni og gagnkvæmt traust milli manna í fráfarandi meirihluta og ég held að það sé ekki erfitt að skilja það í ljósi þeirra ummæla ýmissa borgarfulltrúa minnihlutans hér í dag, þar sem m.a. borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir hefur talað með þeim hætti að ég myndi seint leggja traust mitt og trúnað í hendur hennar í samstarfi í Borgarstjórn Reykjavíkur eftir þau ummæli. Þar að auki áttu málefni F-listans erfitt uppdráttar í meirihlutasamstarfi Tjarnarkvartettsins svonefnda, enda lagði varaborgarfulltrúi minn Margrét Sverrisdóttir litla áherslu á málefni F-listans eða aðkomu annarra kjörinna fulltrúa F-listans að Tjarnarkvartettsmeirihlutasamstarfinu svonefnda.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég átti enga aðkomu að REI-málinu en borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir hefur af sinni pólitísku útsjónarsemi reynt að gera mér upp skoðanir í því máli í tengslum við skrif eins nefndarmanna F-listans í borgarstjórn um málið, sem voru án samráðs við mig og raunar í óþökk minni. Ég er og hef alltaf verið andvígur einkavæðingu orkufyrirtækja og orkulinda í eigu almennings en viss einkavæðing var hafin í svonefndu REI-máli og í REI-málinu misstigu sig meira og minna allir kjörnir fulltrúar sem áttu aðkomu að málinu að einhverju leyti. Að gefnu tilefni spyr ég borgarfulltrúa Svandísi Svavarsdóttur hvaða aðkomu eða vitneskju hún hafði um þá kaupréttarsamninga sem hér hafa verið mjög til umræðu. Ég spyr borgarfulltrúann m.a. vegna þess að hún vænir gjarnan aðra borgarfulltrúa um að vilja taka sjálfa sig hátíðlega og ekki megi véfengja hreinleika þeirra, eins og hún orðar það. Hún hefur m.a. beint slíkum ummælum í minn garð en ég spyr á móti hvort hún hitti ekki sjálfa sig fyrir í þessari óvægnu gagnrýni sinni á aðra. Og ég bið hana að greina frá þessari aðkomu sinni að þessum veigamikla þætti REI-málsins, kaupréttasamningunum og hvort hún hafi haft einhver áhrif á niðurstöðu þeirra kaupréttarsamninga. Ég spyr að gefnu tilefni af því mér finnst að umfjöllun um þessi mál hafi verið með þeim hætti að henni sé beint í pólitískan farveg og að vissum einstaklingum fremur en því að skoða heildarniðurstöðu málsins og það sem við öll þyrftum að læra af þessu máli. Ég segi bara að ég er feginn að hafa ekki átt beina aðkomu að þessu máli því þar eru mörg víti til varnaðar og ég eflaust hefði dottið í þann pytt, eins og aðrir sem áttu aðkomu að því, ef ég hefði verið þarna innanborðs á þeim tíma. En að gefnu tilefni spyr ég þessara spurninga og vona að ég særi borgarfulltrúann ekki með því að

Bstj. 4. mars 2008

varpa nokkurri minnstu rýrð á hreinleika hennar, fremur en hún segir aðra vera svo viðkvæma fyrir.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Svandís Svavarsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég þakka fyrir ágæta umræðu um skýrsluna og vona að mér lánist að svara þeim spurningum sem hafa verið bornar hér upp og reyni að gera það eftir bestu getu. Kannski best að ég byrji á, áður en allir eru sofnaðir, að svara borgarstjóranum í Reykjavík, ég held það fari vel á því.

Fyrir það fyrsta þá finnst mér nú ekki gott, þó ég hafi ekki áttað mig á í hvaða tilgangi það var gert beinlínis, að borgarstjórinn í Reykjavík noti orðalagið „pólitísk samtrygging“ um þessa skýrslu. Mér fannst það ekki sýna því starfi og þeirri samstöðu sem þar náðist nægilega sanngirni með slíku orðalagi. Ef að það hefur ekki verið meiningin þá bið ég borgarstjóra velvirðingar á því.

Það er barnasaga af Gullbrá og björnunum þremur sem mér datt í hug allt í einu áðan, þegar einn sýndi samstarfsvilja, annar sýndi minni samstarfsvilja og einhver sýndi engan samstarfsvilja, svo var einn sem sýndi minna en engan samstarfsvilja og þá er náttúrulega Gullbrár-samlíkingin farin af því þar voru alltaf bara þrír en þarna voru fjórir. Ég áttaði mig ekki alveg á þessum parti í ræðu borgarstjórans en það er nú svo oft þannig að ég missi þráðinn þegar komið er svona langt fram á nótt, þannig að það kann að vera að þetta hafi haft alveg þráðbeina skírskotun í eitthvað sem áður hafði komið fram en það fór nú framhjá mér. Raunar þá man ég eftir fundi sem var einn af þessum ágætu oddvitafundum sem var haldinn í meirihlutanum sem Ólafur F. Magnússon var guðfaðir fyrir og þó hann orði það þannig núna að hann hafi komið að þeim meirihluta á seinni stigum, sem ég átta mig heldur ekki alveg á af hverju hann orðar með þeim hætti, að þá var einmitt þessi borgarfulltrúi sem sýndi engan samstarfsvilja, sem var borgarfulltrúi Björn Ingi Hrafnsson, tiltölulega sammála áherslum borgarfulltrúa Ólafs F. Magnússonar að því er varðaði mislæg gatnamót og ýmsar umferðalausnir. Þannig að ég get þá kannski hjálpað honum að rifja það upp að samstarfsviljinn hafi verið fyrir hendi en ég neita því ekki að þegar þarna var komið sögu þá var guðfaðirinn þáverandi og núverandi borgarstjóri orðinn býsna annars hugar á þeim fundum.

Það gleður mig þegar borgarstjóri segir að Jakob Frímagn Magnússon hafi skrifað grein í óþökk hans, þar sem hann gerir því skóna að það hefði farið vel á því að

selja tiltekinn þátt út úr Orkuveitunni, þ.e.a.s. REI. Mér fannst það mikilvægt að heyra hvort það hefði verið samstaða um það meðal fulltrúa borgarstjóra í nefndum og ráðum borgarinnar að tala með þeim hætti sem Jakob Frímann gerði því það kom mér satt að segja töluvert á óvart það orðfæri sem hann notaði þar. Ég vil bara þakka borgarstjóra fyrir að skera úr um það að svo var ekki. Ég veit ekki hvort það er mínu pólitíska nefi fyrir að þakka eða um að kenna að ég kallaði eftir þeim tengslum og með hvaða hætti þau væru, að því er varðar málefnalegt innihald og áherslur þessa mikla pólitíska deiluefnis.

Borgarstjóri spurði sérstaklega um aðkomu að kaupréttarsamningunum og það var raunar punktur sem Júlíus Vífill Ingvarsson nefndi líka. Það er kannski ágætt að ég taki það hér næst. Við borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir höfum nú nokkrum sinnum gert grein fyrir þeim þætti sérstaklega og raunar fyrir ekkert mjög löngu síðan í sérstakri blaðagrein. En það er mér bæði ljúft og skylt að fara yfir það hér. Af því að borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson vísaði í tímalínuna eða atburðalýsingu eða feril málsins sem er eitt af fylgiskjölunum með skýrslunni og nefndi þá stjórnarfund REI þar sem breytingarnar áttu sér stað og síðan breytti því í Orkuveituna, fyrirgefðu borgarfulltrúi. Þannig var að á þessum fundi sem var haldinn að morgni 3. október þar sem við vorum saman komin, sú sem hér stendur og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson sem var þá aðalfulltrúi Samfylkingarinnar í stjórn Orkuveitunnar og borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir sem þá var varafulltrúi Samfylkingarinnar í stjórn Orkuveitunnar. Við vorum þarna öll þrjú saman komin á þessum upplýsingafundi en þannig háttaði til þennan dag að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson var á leið utan seinna um daginn og þess vegna var varaborgarfulltrúinn líka boðaður á þennan upplýsingafund þar sem hún kæmi síðan til með að sitja fundinn kl. 15.15 þennan sama dag. Þannig stóð á því að við vorum þrjú á þessum fundi. Þarna var farið yfir samrunann og tiltekin skref í samrunanum og hvernig aðrir aðilar kæmu að REI og hversu stór hlutur hvers aðila væri í því samrunaferli. Ég er nú ekki með þessa pappíra fyrir framan mig, þ.e.a.s. samrunaferlið eins og það var lagt upp á þessum tíma, en sannast sagna þá vildi svo til að glærusýningin var pínulítið gölluð sem gerði það að verkum að við óskuðum eftir því að fá hluta af sýningunni útprentaða á pappír fyrir framan okkur. Það gerði það að verkum að ein tiltekin glæra dvaldi lengur upp á vegg heldur en hefði sjálfsagt ella verið, á meðan menn voru að útvega þessi gögn, að prenta þau

út þannig að við værum með þetta fyrir framan okkur, betur heldur en til stóð. Þá komu upp spurningar í okkar hópi um það hvað lægi á bak við eina línu þar sem stóð Starfsmenn. Þar er bara tiltekin upphæð og stendur Starfsmenn, Aðkoma starfsmanna, man ekki nákvæmlega hvernig það var orðað. Ég man það rétt og mér er bara ljúft og skylt að segja frá því að borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir þráspurði um þessa línu, hvað væri þarna á bak við og fyrsta svarið sem við fengum var að þarna væri um almenna starfsmenn að ræða og þeirra kauprétt eða þeirra möguleika til þess að kaupa í REI. Það var minnir mig 1000 til 300.000. Það vill nú svo til að borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir er fljótari að reikna heldur en flestir sem ég þekki, þannig að hún komst að því nánast hraðar heldur en ég gat blikkað auga að það gat ekki verið, vegna þess að þarna væru þá upphæðir sem að stæðu út af. Ég vil bara vekja athygli á því að þessi sama glærusýning hafði verið lögð til grundvallar fundi með meirihlutanum daginn áður, þar sem fólk hafði spurt um hvort það væri eitthvað í pokahorninu sem væri ástæða til þess að skoða betur og höfðu fengið þær upplýsingar að svo væri ekki. Við þær þráspurningar kom fram í svari þeirra Guðmundar Þóroddssonar og Hauks Leóssonar og Hjörleifs Kvaran smám saman að þarna væru fleiri, þ.e.a.s. einstaklingar sem væru með kauprétt upp á stærri tölur, upp á 100 milljónir einn og upp á 10 milljónir ýmsir og með tilteknu gengi, mismunandi gengi raunar. Það stóð ekki til að láta okkur sjá þetta á blaði en við óskuðum sérstaklega eftir því. Við sögðum, þegar var búið að telja upp einhver nöfn og þetta virtist vera frekar tilviljanakennt, fyrstu nöfnin sem voru nefnd, ef ég man það rétt, voru jarðfræðingarnir, þ.e.a.s. starfsmenn REI og síðan bættust hinir við hver á fætur öðrum, það endaði með því að við sögðum, ég man nú ekki nákvæmlega hver sagði hvað á þessum fundi – getum við fengið að sjá þennan lista? Þá var listinn lagður fram. Ég held ég sé nú ekki að ýkja það neitt þegar ég segi að það varð uppi fótur og fit á þessum upplýsingafundi við þetta, þar sem að fóru orð eins og: ‘þetta gengur ekki’ og ‘þetta er ekkert hægt’ og ‘þið komist aldrei upp með þetta’ og ‘af hverju eru hér topparnir úr Orkuveitunni á lista’ – því að þarna voru á lista Hjörleifur Kvaran sjálfur til að mynda og Guðmundur Þóroddsson og fleiri af þeim sem þar voru efstir á blaði, þ.e.a.s. efstir í píramídanum í Orkuveitu Reykjavíkur. Þá upphófst þetta: ‘við tókum bara hinn og þennan af þessum lista.’ Það skal tekið fram að listinn hafði verið samþykktur í stjórn REI daginn áður, þ.e.a.s. 2. október og var síðan ekki á stjórnarfundinum 3. október lagður fram til afgreiðslu, vegna þess að hann var ekki á borði stjórnar

Orkuveitunnar til afgreiðslu á nokkurn hátt og kom nú raunar fram í fjölmiðlum dagana á eftir að borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hélt því fram að hann hefði ekki séð þessa lista þó að, að minnsta kosti hafði ég séð hann inn á þessum stjórnarfundum Orkuveitunnar 3. október og ég man eftir því að Sigrún Elsa Smáradóttir hafði líka fengið hann þar sem hún sat við hliðina á mér. Ég man nú raunar eftir því alveg undir lokin á þessum upplýsingafundi að við sögðum: 'Þið komist aldrei upp með að gera þetta svona...'

**Forseti:** Borgarfulltrúinn hefur því miður ekki nema 10 mínútur í seinni ræðu.

**Svandís Svavarsdóttir:** Þá ætla ég að vinda ofan af þessu mjög hratt. Ég ætlaði segja ykkur frá þessu öllu mér til mikillar skemmtunar. Þannig var það og við þessar vangaveltur allar saman þá komst ég að þeirri niðurstöðu fyrir mína parta á tímabilinu frá 12 til 15.15 að ég gæti ekki annað en bókað sérstaklega um þessa samninga sem að borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson hefur réttilega bent á að séu ekki eiginlegir kaupréttarsamningar en gengu undir því nafni í opinberri umræðu og þess vegna bókaði ég um að þeir þyrftu að þola dagsljósið, vegna þess hversu illa mér þótti þeir vera hafnir yfir vafa á þessum fundi.

Mér þykir afar leitt að hafa ekki tíma til að svara öllum þeim spurningum sem hér hafa verið bornar fram og margar mjög réttilega. Mig langar þó ef ég má, forseti, bara örstutt, af því spurningar Elínbjargar Magnúsdóttur varðandi fulltrúa annarra eigenda, þá er það hárrétt athugað hjá henni að það samráð hefði mátt vera miklu betra en þó var það þannig að fulltrúar Akranesbæjar komu á fund þar sem var tekin þessi afstaða til þess að vinda ofan af samningnum. En það samráð hefði allt mátt vera miklu betra og miklu öflugra. Ég hef alls staðar sagt það, og við þurfum að vera miklu meðvitaðri um það, að við erum ekki ein í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

Borgarfulltrúinn nefndi líka af hverju Haukur Leósson var ekki kallaður fyrir nefndina og fleiri hafa spurt af hverju Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hafi ekki verið kallaður fyrir nefndina og af hverju ekki Björn Ingi Hrafnsson. Ástæðan var sú að þeir höfðu báðir tekið mjög öflugan og mikinn þátt í opinberri umræðu um málið og okkur þótti af þeim sökum ekki sérstök ástæða til þess að kalla þá fyrir nefndina. Það voru sérstakar persónulegar ástæður fyrir því að Haukur Leósson var

ekki kallaður fyrir nefndina sem ég óska eftir að þurfa ekki að gera grein fyrir hér á þessum fundi en það voru gildar ástæður.

Mig langar síðan alveg í lokin – og mér finnst mjög vont að geta ekki svarað borgarfulltrúa Júlíusi Vífli Ingvarssyni af því hann var með töluvert margar spurningar hér, til að mynda um það að skýrsla stýrihópsins hefði mátt gera betur grein fyrir ferlinu við vinnuna alla saman, hverjir voru kallaðir fyrir og hvenær og jafnvel hvað hefði komið út úr ... nánast eins og fundargerðir þessara funda. Ég tek undir það, ég held að skýrslan væri miklu gagnlegri, miklu betri og öflugri ef sá háttur hefði verið hafður á. Mér finnst þetta réttmæt athugasemd. Það er líka réttmæt athugasemd að lokaskýrslan innihaldi ekki verðmatið og þá hluti sem borgarfulltrúinn nefndi hér alla réttilega. Ég vil endilega að við drögum lærdóma af þessari vinnu líka. Það er ekkert sem heitir það og ég er síðust til þess að halda því fram að vinna stýrihópsins hafi að öllu leyti verið hafin yfir vafa. Við tókum ákvörðun um það 1. nóvember m.a. að senda stjórnsýsluhluta verkefnisins til Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar, einmitt vegna þess að við vorum meðvituð um þessar takmarkanir stýrihópsins og vildum gera það. Ég mundi samt sem áður vilja, kannski með aðeins minni boðaföllum heldur en ég gerði hér áðan, beina því til borgarfulltrúa Júlíusar Vífils Ingvarssonar að ræða þessi mál líka við sína fulltrúa í stýrihópnum. Upplýsingar um kostnað við stýrihópsvinnuna – ég held við ættum að leggja fram slíka fyrirspurn í borgarráði og fá það bara framlagt. Ég geri ráð fyrir að það sé fyrst og fremst starfsmaður stýrihópsins og þessi tveir lögmenn sem sendu okkur lögfræðilít. Og risnan var gríðarleg, ég held það hafi bara verið te og kaffi meira og minna einungis.

Því miður ég verð bara, með leyfi forseta, að láta þetta duga. Mig langar þó aðeins vegna orða Kjartans Magnússonar borgarfulltrúa að nefna að ég held að væri gott veganesti fyrir okkur öll í Borgarstjórn Reykjavíkur að fá yfirferð yfir verkefni REI í borgarráð. Ég held það væri mjög gagnlegt fyrir okkur öll, vegna þess hversu ítarleg umræðan hefur verið að við vitum hvað er þar á ferðinni. Mig langar loks alveg hreint í lokin að biðja borgarstjórnann í Reykjavík að gera grein fyrir því hvort að hann hyggist setja þessi mál í farveg eins og honum var falið á borgarráðsfundi 14. febrúar.

Bstj. 4. mars 2008

**Forseti:** Borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir hefur lokið máli sínu. Hæstvirtur borgarstjóri tekur til máls.

**3. mál. Umræða um lokaskýrslu stýrihóps borgarráðs um málefni Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Borgarstjóri, Ólafur F. Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Að sjálfsögðu mun ég setja þessi mál í farveg. Mér ber skylda til þess og mér er það ljúft líka að gera það. Ég vænti góðs samstarfs okkar allra, að minnsta kosti þeirra sem óskað verður samstarfs við að koma í þessu í sem bestan farveg, því þrátt fyrir allt þá tel ég að um sé að ræða mikla þverpólítíska samstöðu um það hvernig við ætlum að reka Orkuveitu Reykjavíkur í framtíðinni og móta stefnumörkun í þágu fyrirtækisins.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki óskað eftir að taka til máls og er umræðu um þennan lið lokið.